

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/33/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 407/13/COL frá 23. október 2013 um nitugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020 og að framlengdur er gildistími kafa um landsbundna byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013 og viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/33/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7155 – SSAB/Rautaruukki)	31
2014/EES/33/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7226 – Carlyle/Traxys) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	32
2014/EES/33/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7231 – Vodafone/ONO) . .	33
2014/EES/33/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7241 – Advent International/Bain Capital Investors/Nets Holding)	34
2014/EES/33/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7244 – China Huaxin Post and Telecommunication Economy Development Center/Alcatel-Lucent Enterprise Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	35
2014/EES/33/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7257 – Carlyle/PAI/CST) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	36
2014/EES/33/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7262 – Ageas/Ocidental Seguros/Médís) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	37

2014/EES/33/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7093 – DLG/Lantmännen/HaGe Polska)	38
2014/EES/33/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7162 – INEOS/SSG Solvents Business)	38
2014/EES/33/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7178 – Suntory/Beam)	39
2014/EES/33/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7204 – Rothesay Life/MetLife Assurance)	39
2014/EES/33/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7210 – Groupe Soufflet/Groupe Neuhauser)	40
2014/EES/33/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7223 – Danish Crown/Sokolów)	40
2014/EES/33/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	41
2014/EES/33/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	41
2014/EES/33/17	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	42
2014/EES/33/18	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	42
2014/EES/33/19	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	43
2014/EES/33/20	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	43
2014/EES/33/21	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. apríl 2014 til 30. apríl 2014	43

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2014/EES/33/01

407/13/COL

frá 23. október 2013

um nítugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020 og að framlengdur er gildistími kafla um landsbundna byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013 og viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum ákvæða 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr. og stafl. b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt stafl. b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti 28. júní 2013 leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020. ⁽¹⁾

Þær leiðbeinandi reglur varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við markmið um einsleitni í 1. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ á bls. 11 í XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ESB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni, dagsettu 2. ágúst 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð breytist þannig að við bætist nýr kafli um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020. Nýi kafllinn er birtur í I. viðauka við ákvörðun þessa.

⁽¹⁾ Birtist í Stjórn ESB C 209, 23.7.2013, bls. 1.

2. gr.

Núverandi kaflar um byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013 og viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna skulu framlengdir til 30. júní 2014.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 23. október 2013.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Oda Helen Sletnes
Forseti

Sabine Monauni-Tömördy
Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020

Inngangur

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA getur litið svo á að ríkisaðstoð, sem veitt er í því skyni að efla hagþróun í tilteknum afskiptum byggðarlögum á Evrópska efnahagssvæðinu, sé samrýmanleg innra markaðnum á grundvelli ákvæða sem er að finna í stafl. a) og c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. ⁽¹⁾ Ríkisaðstoð af þessu tagi er nefnd byggðaaðstoð.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA setur í þessum leiðbeinandi reglum fram hvaða skilyrðum byggðaaðstoð þarf að fullnægja til að hún teljist samrýmanleg innra markaðnum og fastsetur viðmiðanir til að skilgreina þau svæði sem fullnægja skilyrðunum í stafl. a) og c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. ⁽²⁾
- 3) Meginmarkmið eftirlits með ríkisaðstoð á sviði byggðaaðstoðar er að gera kleift að veita aðstoð til byggðaðróunar og tryggja um leið að jafnræði sé milli EES-ríkjanna, einkum með því að koma í veg fyrir styrkjakapphlaup sem kann að verða þegar þau reyna að laða til sín eða halda í fyrirtæki í afskiptum byggðarlögum á Evrópska efnahagssvæðinu, og til að takmarka áhrif byggðaaðstoðar á viðskipti og samkeppni við nauðsynlegt lágmark.
- 4) Markmiðið um landfræðilega þróun greinir byggðaaðstoð frá öðrum tegundum aðstoðar, til að mynda aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, atvinnusköpunar, fræðslustarfs, orkumála eða náttúruverndar, sem þjóna öðrum markmiðum almannahagsmuna í samræmi við 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Undir vissum kringumstæðum er heimilt að leyfa hærri aðstoðarhlutfall að því er varðar annars konar tegundir aðstoðar þegar hún er veitt fyrirtækjum sem starfa á afskiptum svæðum sökum sérstakra erfiðleika sem þau búa við á slíkum svæðum. ⁽³⁾
- 5) Byggðaaðstoð verður ekki skilvirk nema því aðeins að hún sé notuð í hófi og í samræmi við þörf og að hún sé bundin við þau byggðarlög sem verst standa á Evrópska efnahagssvæðinu. ⁽⁴⁾ Einkum og sér í lagi verða leyfileg hámark aðstoðar að endurspegla hversu alvarlegur vandi blasir við uppbyggingu í viðkomandi byggðum. Jafnframt verður hagræði af aðstoðinni, þegar litið er til uppbyggingar í afskiptu byggðarlagi, að vega þyngra en samkeppnisröskun sem af henni leiðir. ⁽⁵⁾ Það vægi sem jákvæð áhrif aðstoðar fær er líklegt til að vera breytilegt eftir því hvaða undanþágu frá 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er beitt, til þess að unnt sé að fallast á meiri samkeppnisröskun þegar í hlut eiga afskiptustu byggðarlögin sem falla undir stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. en í tilviki þeirra sem falla undir stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. ⁽⁶⁾
- 6) Auk þess getur byggðaaðstoð því aðeins verið árangursrík í að stuðla að efnahagsþróun afskiptra byggðarlaga að hún sé veitt til þess að hvetja til viðbótarfjárfestingar eða atvinnustarfsemi á þeim svæðum. Í tilteknum mjög afmörkuðum og vel skilgreindum tilvikum geta hindranir, sem þessi tilteknu svæði standa frammi fyrir við að laða til sín eða halda í atvinnustarfsemi, verið svo alvarlegar eða langvarandi að fjárfestingaraðstoð ein og sér dugi ekki til að örva þróun á þeim slóðum. Aðeins í slíkum tilvikum er heimilt að veita byggðaaðstoð til rekstrar, sem tengist ekki fjárfestingum, jafnframt byggðaaðstoð til fjárfestinga.
- 7) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setti í orðsendingu sinni um nútímavæðingu ríkisaðstoðar frá 8. maí 2012 ⁽⁷⁾ fram þrjú markmið sem reynt verður að ná með nútímavæðingu eftirlits með ríkisaðstoð:

⁽¹⁾ Svæði, sem eiga rétt á byggðaaðstoð skv. a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og sem gjarna er vísað til sem „a“-svæða, eru að jafnaði í hópi þeirra afskiptari innan EES miðað við hagþróun. Svæði sem eiga rétt á aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem vísað er til sem „c“-svæða, eru einnig að jafnaði afskipt en að minna leyti. Þar eð VLF á mann er tiltölulega mikil í EFTA-ríkjunum nýtur ekkert svæði undanþágu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽²⁾ Leiðbeinandi reglur þessar samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð 2014–2020 („leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnarinnar“), sem voru samþykktar 28.6.2013 (Stjtið. ESB C 209, 23.7.2013, bls. 1).

⁽³⁾ Byggðatengdar viðbætur við aðstoð, sem veitt er í slíkum tilgangi, teljast því ekki byggðaaðstoð.

⁽⁴⁾ Sérhvert EFTA-riki getur auðkennt þessi svæði á byggðakorti á grundvelli skilyrða sem mælt er fyrir um í 5. undirkafla.

⁽⁵⁾ Sjá að þessu leyti mál 730/79 *Philip Morris* [1980] ECR 2671, 17. mgr., og mál C-169/95 *Spánn gegn framkvæmdastjórn* [1997] ECR I-148, 20. mgr.

⁽⁶⁾ Sjá að þessu leyti mál T-380/94 *AIUFFASS og AKT gegn framkvæmdastjórn* [1996] ECR II-2169, 54. mgr.

⁽⁷⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, nútímavæðing ríkisaðstoðar (SAM), COM/2012/0209, lokag.

- a) að stuðla að sjálfbærum, skynsamlegum vexti fyrir alla á innra markaði þar sem samkeppni ríkir,
 - b) að beina fyrirframathugunum framkvæmdastjórnarinnar að þeim sem hafa mest áhrif á innra markaðnum en styrkja jafnframt samstarf aðildarríkja ESB við beitingu reglna um ríkisaðstoð,
 - c) að einfalda reglur og hraða ákvarðanatökufærlinu.
- 8) Í orðsendingunni var einkum hvatt til þess að tekin yrði upp sameiginleg aðferð við endurskoðun mismunandi leiðbeinandi reglna og rammaákvæða í því skyni að efla innra markaðinn, stuðla að aukinni skilvirkni í opinberum útgjöldum með bættu framlagi ríkisaðstoðar til markmiða sem varða sameiginlega hagsmuni, aukinni athugun á hvatningaráhrifum, að takmarka aðstoð við lágmark og forðast hugsanleg, neikvæð áhrif aðstoðarinnar á samkeppni og viðskipti. Eftirlitsstofnun EFTA er sama sinnis. Skilyrðin fyrir því hvort aðstoð samrýmist innra markaðnum og sem fram koma í þessum leiðbeinandi reglum byggja á sameiginlegum matsreglum og þau gilda um aðstoðarkerfi, sem hafa verið tilkynnt, og um staka aðstoð.

1. Gildissvið og skilgreiningar

1.1. Gildissvið byggðaaðstoðar

- 9) Byggðaaðstoð við fyrirtæki á sviði stálvinnslu⁽⁸⁾ og manngerðra trefja⁽⁹⁾ telst ekki samrýmanleg innra markaðnum.
- 10) Eftirlitsstofnun EFTA mun beita meginreglunum í þessum leiðbeinandi reglum gagnvart byggðaaðstoð í öllum atvinnugreinum sem falla undir EES-samninginn⁽¹⁰⁾, að flutningastarfsemi frátalinni⁽¹¹⁾, en hún lýtur sérstökum reglum sem mælt er fyrir um í tilteknum lagagæringum, sem kunna að víkja að hluta eða öllu leyti frá þessum leiðbeinandi reglum. Eftirlitsstofnun EFTA mun beita þessum leiðbeinandi reglum gagnvart umbreytingu landbúnaðarafurða í afurðir sem ekki eru landbúnaðarafurðir og markaðssetningu þeirra.
- 11) Leiðbeinandi reglur þessar gilda ekki um ríkisaðstoð við flugvelli⁽¹²⁾ né um orkugeirann.⁽¹³⁾
- 12) Byggðaaðstoð til fjárfestinga í breiðbandsnetum getur talist samrýmanleg innra markaðnum ef hún fullnægir, auk almennra skilyrða sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum, þeim sérstöku skilyrðum sem hér fara á eftir: i) aðstoð er aðeins veitt þeim svæðum þar sem ekki er fyrir hendi net af sama flokki (annaðhvort grunnbreiðband eða næstu kynslóðar aðgangsnét) og þar sem ólíklegt er að slíkt verði innleitt í náinni framtíð, ii) rekstraraðili breiðbandsnets, sem nýtur styrkja, býður virkan og óvirkan heildsöluáfgang samkvæmt samngjörunum skilyrðum, sem mismuna ekki, þar sem gefinn er kostur á skilvirkri og allsherjar sundurgreiningu, iii) aðstoð skal úthlutað á grundvelli samkeppnisvals á aðstoðarþegum í samræmi við c- og d-lið 74. mgr. í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um breiðband.⁽¹⁴⁾
- 13) Byggðaaðstoð til fjárfestinga í innviðum rannsókna⁽¹⁵⁾ getur talist samrýmanleg innra markaðnum ef aðstoðin er skilyrt því að aðgangur að þessum innviðum sé gagnsær og án mismununar, auk þess sem hún fullnægir almennum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum.

⁽⁸⁾ Sjá skilgreiningu í II. viðbæti.

⁽⁹⁾ Sjá skilgreiningu í viðbæti IIa.

⁽¹⁰⁾ Í kjölfar þess að leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til skipasmíða (Stjtið. ESB L 31, 31.1.2013, bls. 77, og EES-viðbætur við þau nr. 7, 31.1.2013, bls. 1) féllu úr gildi 31.12.2013, taka þessar leiðbeinandi reglur einnig til byggðaaðstoðar til skipasmíða. Allar leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA er að finna á eftirfarandi veffangi: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽¹¹⁾ Flutningastarfsemi er flutningar á farþegum með flugvélum, skipum, á vegum, með járnbrautum og á skipgengum vatnaleiðum eða vöruflutningum gegn greiðslu.

⁽¹²⁾ Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna starfsemi á sviði flugrekstrar (Stjtið. EB L 124, 23.5.1996, bls. 41–52) þar sem vísað er til leiðbeinandi reglna Evrópubandalaganna um beitingu 92. og 93. gr. EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð vegna starfsemi á sviði flugrekstrar (Stjtið. EB C 350, 10.12.1994, bls. 5) og leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um fjármögnun flugvalla og stofnfjáradstoð sem veitt er flugfélögum sem fljúga frá héraðsflugvöllum (Stjtið. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við þau nr. 12, 6.3.2008, bls. 3) eins og þeim var breytt eða skipt út.

⁽¹³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA mun meta hvort ríkisaðstoð við orkugeirann samrýmist innra markaðnum á grundvelli komandi leiðbeinandi reglna um aðstoð við orkugeirann og vegna umhverfismála og breyta gildandi leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar þar sem tekið verður tillit til sérstaks halla á samkeppnisstöðu svæða sem njóta aðstoðar.

⁽¹⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandsneta, biða birtingar. Allar leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA er að finna á eftirfarandi veffangi: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽¹⁵⁾ Eins og hún er skilgreind í reglugerð ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25.6.2009 um lagamma Bandalagsins um samþykkingu um evrópska rannsóknainnviði (ERIC), Stjtið. ESB L 206, 8.8.2009, bls. 1, beitt innan EES samkvæmt bókun 31 við EES-samninginn, samkvæmt leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, Stjtið. ESB L 305, 19.11.2009, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 60, 19.11.2009, bls. 1.

- 14) Halli á samkeppnisstöðu byggðarlags þegar kemur að fjárfestingum eða til að viðhalda atvinnustarfsemi í vanþróaðra byggðarlagi hefur að jafnaði minni áhrif á stór fyrirtæki en lítil og meðalstór fyrirtæki. Í fyrsta lagi er auðveldara fyrir stór fyrirtæki að afla stofnfjár og lána á alþjóðlegum markaði og takmarkað framboð fjármálaþjónustu í tilteknu afskiptu héraði setur þeim ekki eins miklar skorður. Í öðru lagi geta fjárfestingar stórra fyrirtækja leitt til stærðarhagkvæmni sem draga úr upphafskostnaði sem tengist staðsetningu og þær eru, að mörgu leyti, ekki bundnar við það svæði þar sem fjárfestingarnar eru gerðar. Í þriðja lagi eru fyrirtæki sem ráðast í fjárfestingar að jafnaði í mjög sterkri stöðu gagnvart stjórnvöldum, sem kann að leiða til þess að aðstoð sé veitt án þess að hennar sé þörf eða án tilskilins rökstuðnings. Loks eru stór fyrirtæki líklegri til að gegna mikilvægu hlutverki á viðkomandi markaði og þar af leiðandi getur fjárfesting sem nýtur aðstoðar raskað samkeppni og viðskiptum á innra markaðnum.
- 15) Þar eð ólíklegt má teljast að byggðaaðstoð til fjárfestinga við stór fyrirtæki hafi hvatningaráhrif, getur hún ekki talist samrýmanleg innra markaðnum samkvæmd stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, nema hún sé veitt vegna upphafs fjárfestinga sem skapa nýja atvinnustarfsemi á þessum svæðum ⁽¹⁶⁾ eða til að gera fyrirtækjum sem fyrir eru kleift að koma með nýjar vörur eða aðferðir við vinnslu.
- 16) Byggðaaðstoð sem miðar að því að draga úr núverandi kostnaði fyrirtækis telst rekstraraðstoð og því ekki samrýmanleg innra markaðnum, nema hún sé veitt til að taka á sérstökum eða viðvarandi halla á samkeppnisstöðu sem fyrirtæki í afskiptum byggðarlögum standa andspænis. Rekstraraðstoð getur talist samrýmanleg innra markaðnum ef hún miðar að því að draga úr sérstökum erfiðleikum sem lítil og meðalstór fyrirtæki í sérstaklega afskiptum byggðarlögum standa andspænis og falla undir gildissvið stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eða til að koma í veg fyrir eða draga úr fólksfækkun í mjög strjálbýlum byggðarlögum.
- 17) Rekstraraðstoð sem veitt er fyrirtækjum með meginstarfsemi sem fellur undir bálk K „Fjármála- og váttryggingastarfsemi“ í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna 2. endursk. (NACE 2. endursk.) ⁽¹⁷⁾⁽¹⁸⁾ eða fyrirtækjum sem stunda starfsemi innan samsteypu með meginstarfsemi sem fellur undir undirgreinar 70.10 „Starfsemi aðalskrifstofa“ eða 70.22 „Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf“ í NACE 2. endursk. telst ekki samrýmanleg innra markaðnum.
- 18) Byggðaaðstoð má ekki veita illa stöddum fyrirtækjum, sbr. skilgreiningu í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum ⁽¹⁹⁾, sem gildir fyrir þessar leiðbeinandi reglur, eins og þeim var breytt eða skipt út.
- 19) Við mat á byggðaaðstoð til fyrirtækis, sem sætir endurgreiðslukröfu í kjölfar fyrri ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem aðstoð er lýst ólögleg og ósamrýmanleg innra markaðnum, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til fjárhæðarinnar sem enn á eftir að endurheimta. ⁽²⁰⁾

1.2. Skilgreiningar

- 20) Í leiðbeinandi reglum þessum gilda eftirtaldar skilgreiningar:
- a) „,a“-svæði“ eru þau svæði sem tilgreind eru á byggðakorti við beitingu ákvæða stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins; „,c“-svæði“ eru þau svæði sem tilgreind eru á byggðakorti við beitingu ákvæða stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins,
- b) „sérstök aðstoð“ er aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis,

⁽¹⁶⁾ Sjá i-lið 20. mgr.

⁽¹⁷⁾ NACE er skammstöfun sem byggir á franska heitinu „Nomenclature générale des Activités économiques dans les Communautés Européennes“ (Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna) og er notuð til að tilgreina margvislega atvinnugreinaflokkun í ESB.

⁽¹⁸⁾ Sjá i-lið 20. mgr. (18) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 28, framlengdar samkvæmt Stjtið. ESB L 48, 25.2.2010, bls. 27, og samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 438/12/COL frá 28. nóvember 2012 um áttugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar, Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 91, og EES-viðbætur við þau nr. 40, 11.7.2013, bls. 15. Með því að illa stödd fyrirtæki eiga á hættu að hverfa úr sögunni getur ekki talist við hæfi að nota þau til að framfylgja öðrum markmiðum almannahagsmuna fyrir rekstur þeirra hefur verið tryggður til frambúðar, eins og fram kemur í 15. lið þeirra leiðbeinandi reglna.

⁽²⁰⁾ Sjá að þessu leyti sameinuð mál T-244/93 og T-486/93, *TWD Textilwerke Deggendorf GmbH* gegn *framkvæmdastjórn* [1995] ECR II-02265.

- c) „leiðrétt aðstoðarfjárhæð“ er hámarksaðstoðarfjárhæð sem er leyfileg fyrir stórt fjárfestingarverkefni, reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{hámarksaðstoðarfjárhæð} = R \times (50 + 0.50 \times B + 0.34 \times C)$$

þar sem: R er hámarksaðstoðarhlutfall sem leyfilegt er á viðkomandi svæði, að frátöldu auknu aðstoðarhlutfalli að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. B er sá hluti styrkhæfs kostnaðar sem er á bilinu 50 til 100 milljónir evra. C er sá hluti styrkhæfs kostnaðar sem fer yfir 100 milljónir evra,

- d) „Dagur sem aðstoð er veitt“ er dagurinn þegar EFTA-ríkið skuldbatt sig lagalega til að veita aðstoðina, en því má vísa til landsdómstóla,
- e) „styrkhæfur kostnaður“ er, þegar aðstoð til fjárfestinga er annars vegar, efnislegar og óefnislegar eignir sem tengjast upphafs fjárfestingu eða launakostnaði,
- f) „vergt styrkigildi“ er núvirt andvirði aðstoðarinnar í hundraðshlutum af núvirtu andvirði styrkhæfs kostnaðar, reiknað út þegar aðstoð er veitt á grundvelli viðmiðunarvaxta sem giltu á þeim tíma,
- g) „stök aðstoð“ er aðstoð sem veitt er á grundvelli aðstoðarkerfis eða á grundvelli hvers tilviks fyrir sig,
- h) „upphafleg fjárfesting“ er
- i. fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum í tengslum við:
 - opnun nýrrar starfstöðvar,
 - aukningu á afkastagetu eldri starfstöðvar,
 - aukna fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með vörum sem voru ekki áður framleiddar í starfsstöðinni, eða
 - grundvallarbreytingu á framleiðsluferli í heild í eldri starfstöð, eða
 - ii. kaup á eignum sem tengjast starfsstöð beint, að því tilskildu að starfsstöðinni hafi verið lokað eða henni hefði verið lokað ef fjárfestir ótengdur seljandanum hefði ekki keypt hana. Það eitt að kaupa hlutafé fyrirtækis getur ekki talist upphafleg fjárfesting,
- i) „upphafleg fjárfesting til stuðnings nýrri atvinnustarfsemi“ er:
- i. fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum í tengslum við:
 - opnun nýrrar starfstöðvar, eða
 - aukna fjölbreytni í starfsemi starfsstöðvarinnar, með því skilyrði að nýja starfsemin sé ekki sama eða sambærileg starfsemi og sú sem áður var stunduð í starfsstöðinni, eða
 - ii. kaup á eignum sem tilheyra starfsstöð sem hefur verið lokað eða hefði verið lokað ef fjárfestir ótengdur seljandanum hefði ekki keypt hana, með því skilyrði að nýja starfsemin sem á að stunda og keyptu eignirnar verða notaðar við sé ekki sama eða sambærileg þeirri starfsemi sem var stunduð í starfsstöðinni fyrir kaupin,
- j) „óefnislegar eignir“ eru eignir sem fengust við yfirfærslu tækni eins og einkaleyfisréttindi, leyfi, verkunnátta eða tækniþekking án einkaleyfis,
- k) „atvinnusköpun“ er hrein fjölgun starfsmanna í viðkomandi starfsstöð samanborið við meðalfjölda undanfarinna 12 mánaða eftir að sá fjöldi starfa sem hefur glatast hefur verið dreginn frá fjölda nýrra starfa á þessu tímabili,
- l) „stórt fjárfestingarverkefni“ er upphafleg fjárfesting þar sem styrkhæfur kostnaður er meiri en 50 milljónir evra, reiknuð á verði og gengi gjaldmiðla á þeim degi sem aðstoð var veitt,
- m) „hámarksaðstoðarhlutfall“ er aðstoðarhlutfall í vergu styrkigildi fyrir stór fyrirtæki, eins og mælt er fyrir um í mgr. 5.4 í þessum leiðbeinandi reglum og endurspeglast í viðkomandi byggðakorti,

- n) „hámark aðstoðar án tilkynningarskyldu“ er aðstoðarfjárhæðir sem eru um fram það hámark sem kemur fram í töflunni hér á eftir:

Aðstoðarhlutfall	Hámark aðstoðar án tilkynningarskyldu
10%	7,5 milljónir EUR
15%	11,25 milljónir EUR
25%	18,75 milljónir EUR
35%	26,25 milljónir EUR
50%	37,5 milljónir EUR

- o) „fjöldi starfsmanna“ er fjöldi vinnueininga á ári, það er fjöldi einstaklinga í fullu starfi í heilt ár, en einstaklingar í hlutastarfi eða árstíðabundnu starfi eru reiknaðir sem brot af vinnueiningum á ári,
- p) „rekstraraðstoð“ er aðstoð sem ætlað er að draga úr núverandi útgjöldum fyrirtækis sem tengjast ekki upphaflegri fjárfestingu. Til þeirra teljast kostnaðarflokkar á borð við starfsmannakostnað, efni, samningsbundna þjónustu, fjarskipti, orku, viðhald, leigu, yfirstjórn, o.s.frv., að undanskildum afskriftargjöldum og fjármögnunarkostnaði, ef þau útgjöld hafa verið tekin með í styrkhæfum kostnaði þegar svæðisbundin fjárfestingaraðstoð er veitt,
- q) „byggðakort“ er skrá yfir svæði sem EFTA-ríki tilgreinir í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum og sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.
- r) „sama eða sambærileg starfsemi“ er starfsemi sem fellur undir sömu undirgrein (fjögurra stafa talnakóði) atvinnugreinaflokkunarinnar NACE 2. endursk,
- s) „stakt fjárfestingarverkefni“ er upphafleg fjárfesting sem sami aðstoðarþegi (á samstæðugrundvelli) hóf á þriggja ára tímabili frá upphafi verks í tengslum við aðra fjárfestingu, sem aðstoð er veitt til, á sama hagskýrslusvæði ⁽²¹⁾ á 3. stigi,
- t) „Lítil og meðalstór fyrirtæki“ eru fyrirtæki sem fullnægja skilyrðum sem mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. apríl 2006 um aðstoð við örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki ⁽²²⁾,
- u) „upphaf verks“ vísar annaðhvort til upphafs byggingarframkvæmda sem tengjast fjárfestingunni eða fyrstu staðfestu skuldbindingar um kaup á búnaði eða annarrar skuldbindingar sem gerir það að verkum að ekki verður aftur snúið með fjárfestinguna, hvort sem gerist fyrr. Kaup á lóðum og undirbúningsvinna eins og öflun leyfa og gerð hagkvæmniathugana til undirbúnings framkvæmda teljast ekki upphaf verks. Að því er varðar yfirtökur vísar „upphaf verks“ til þess tíma þegar eignirnar, sem tengjast beint hinni keyptu starfsstöð, eru keyptar,
- v) „strjálbýl svæði“ vísar til þeirra svæða sem viðkomandi EFTA-ríki tilgreinir í samræmi við fyrsta og annan málslið í 149. mgr. þessara leiðbeinandi reglna,
- w) „efnislegar eignir“ eru eignir eins og land, byggingar og stöð, vélbúnaður og tækjabúnaður,
- x) „mjög strjálbýl svæði“ eru hagskýrslusvæði á 2. stigi að því er varðar Noreg og á 3. stigi að því er varðar Ísland þar sem íbúar eru færri en átta á ferkílómetra (byggt á gögnum Hagstofu Evrópusambandsins um þéttleika byggðar fyrir árið 2010) eða hlutar slíkra hagskýrslusvæða sem viðkomandi EFTA-ríki tilgreinir í samræmi við þriðja málslið 149. mgr. þessara leiðbeinandi reglna,
- y) „launakostnaður“ er raunveruleg heildarútgjöld aðstoðarþegans vegna viðkomandi starfa, það er vergar launagreiðslur fyrir skatta og lögbundin iðgjöld, eins og almannatryggingagjöld, kostnaður vegna umönnunar barna og foreldra í tiltekinn tíma.

2. Tilkynningaskyld byggðaaðstoð

- 21) EFTA-ríki verða að meginreglu til að tilkynna byggðaaðstoð skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að undanskildum ráðstöfunum sem fullnægja skilyrðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð um hópundanþágu sem var felld inn í EES-samninginn sem liður í XV. viðauka.

⁽²¹⁾ Í þessum leiðbeinandi reglum er hugtakið „hagskýrslusvæði“ notað í stað skammstöfunarinnar „NUTS“ í leiðbeinandi reglum framkvæmdastjórnarinnar. NUTS er dregið af heitinu „Nomenclature of Territorial Units for Statistics“ (Flokkun hagskýrslusvæða) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1). Reglugerð þessi hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, hagstofur umsóknarlandanna og EFTA hafa samt sem áður orðið ásatár um að koma á sambærilegum hagskýrslusvæðum og eru í NUTS-flokkuninni, í því skyni að ná fram sameiginlegum skilgreiningum vegna síaukinnar spurnar eftir hagskýrsluupplýsingum á svæðavísu.

⁽²²⁾ Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

- 22) Eftirlitsstofnun EFTA mun beita þessum leiðbeinandi reglum gagnvart tilkynntum, svæðisbundnum aðstoðarkerfum og stakri aðstoð.
- 23) Stök aðstoð sem veitt er samkvæmt tilkynntu aðstoðarkerfi fellur áfram undir tilkynningaskyldu skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ef öll aðstoð, hvaðan sem hún kemur, fer yfir hámark aðstoðar án tilkynningaskyldu ⁽²³⁾ eða ef hún er veitt aðstoðarþega sem hefur hætt sömu eða sambærilegri starfsemi á EES-svæðinu á næstu tveimur árum fyrir umsókn um aðstoð eða hefur í hyggju, þegar hann sækir um aðstoð, að hætta slíkri starfsemi áður en tvö ár eru liðin frá lokum hinnar styrktu fjárfestingar.
- 24) Fjárfestingaraðstoð, sem veitt er stóru fyrirtæki til að auka fjölbreytni í starfsstöð sem fyrir er á „c“-svæði og hefja framleiðslu á nýjum vörum, fellur áfram undir tilkynningaskyldu skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

3. Mat á því hvort byggðaaðstoð samrýmist innra markaðnum

3.1. Sameiginlegar matsreglur

- 25) Við mat á því hvort tilkynnt aðstoðarráðstöfun geti talist samrýmanleg innra markaðnum, gerir Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði greiningu á því hvort hún er þannig útfærð að hún tryggi að jákvæð áhrif aðstoðarinnar gagnvart markmiði um sameiginlega hagsmuni séu meiri en hugsanleg neikvæð áhrif hennar á viðskipti og samkeppni.
- 26) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um nútímavæðingu ríkisaðstoðar frá 8. maí 2012 sem vísað er til í inngangskafli þessara leiðbeinandi reglna, er hvatt til að tilgreindar verði og skilgreindar sameiginlegar reglur um mat á því hvort allar aðstoðarráðstafanir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar samrýmist innra markaðnum. Sömu sameiginlegu reglur gilda um mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort aðstoð samrýmist innra markaðnum. Í þessu tilliti mun Eftirlitsstofnun EFTA því aðeins líta svo á að aðstoð samrýmist EES-samningnum ef hún fullnægir sérhverri eftirfarandi viðmiðana:
- að aðstoð leggi sitt af mörkum til vel skilgreinds markmiðs um sameiginlega hagsmuni: ríkisaðstoðarráðstöfun verður að miða að markmiði um sameiginlega hagsmuni í samræmi við 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, (undirkafla 3.2)
 - að þörf sé á aðkomu ríkisins: ríkisaðstoðarráðstöfun verður að beinast að aðstæðum þar sem aðstoð getur leitt til verulegra bóta sem markaðnum er um megn, t.d. með því að ráða bót á markaðsbresti eða tekið á vanda sem varðar samsýni eða samheldni, (undirkafla 3.3)
 - að aðstoðarráðstöfunin sé viðeigandi: fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun verður að vera viðeigandi stjórnþæki til að fjalla um markmið um sameiginlega hagsmuni, (undirkafla 3.4)
 - að aðstoð hafi hvatningaráhrif: hún verður að breyta háttsemi viðkomandi fyrirtækis/fyrirtækja þannig að það/þau hefji viðbótarstarfsemi sem ekki hefði orðið af án aðstoðar eða starfsemin hefði verið takmörkuð, öðru vísi eða á öðrum stað, (undirkafla 3.5)
 - að aðstoðin sé hæfileg (aðstoðin takmarkist við lágmark): aðstoðarfjárhæðin verður að takmarkast við nauðsynlegt lágmark til að hvetja til viðbótarfjárfestingar eða starfsemi á viðkomandi svæði, (undirkafla 3.6)
 - að komist verði hjá ótilhlýðilegum, neikvæðum áhrifum á samkeppni og viðskipti milli EES-ríkjana: neikvæð áhrif aðstoðar verða að vera nægilega takmörkuð til þess að heildarniðurstaða ráðstöfunarinnar verði jákvæð, (undirkafla 3.7)
 - að aðstoðin sé gagnsæ: EES-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA, atvinnurekendur og almenningur verða að eiga greiðan aðgang á öllum viðkomandi gerðum og viðeigandi upplýsingum um aðstoð sem veitt er samkvæmt þeim gerðum. (undirkafla 3.8)
- 27) Heildarniðurstöðu tiltekinna flokka kerfa getur enn fremur verið gert að sæta kröfu um eftirámat eins og lýst er í undirkafla 4 í þessum leiðbeinandi reglum. Í slíkum tilvikum getur Eftirlitsstofnun takmarkað gildistíma þeirra kerfa (að jafnaði til fjögurra ára eða skemur) með möguleika á að framlengja þau síðar með nýrri tilkynningu.

⁽²³⁾ Sjá. n-lið 20. mgr.

- 28) Hafi ríkisaðstoðarráðstöfun eða skilyrði sem henni fylgja (m.a. aðferð við fjármögnun þegar hún er óaðskiljanlegur hluti ríkisaðstoðarráðstöfunarinnar) í för með sér óaðskiljanlegt brot á EES-rétti, er ekki unnt að lýsa aðstoðina samrýmanlega innra markaðnum. ⁽²⁴⁾
- 29) Eftirlitsstofnun EFTA mun, við mat á því hvort aðstoð samrýmist innra markaðnum, taka tillit til sérhverrar málsmeðferðar um brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins, sem kann að varða aðstoðarþegann og sem getur skipt máli við mat á aðstoðinni skv. 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. ⁽²⁵⁾

3.2. Framlag til sameiginlegs markmiðs

- 30) Meginmarkmið byggðaaðstoðar er að draga úr þeim mun sem er á þróun innan mismunandi héraða á EES-svæðinu. Í krafti þess markmiðs byggðaaðstoðar að stuðla að sannsýni og samheldni, getur hún lagt sitt af mörkum til að ná markmiðum um stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 um sjálfbæran vöxt fyrir alla.

3.2.1. Kerfi fjárfestingaraðstoðar

- 31) Áætlanir um byggðaaðstoð skulu vera óaðskiljanlegur hluti áætlunar um byggðaupbyggingu með skýrt skilgreind markmið og skulu vera í samræmi við og stuðla að því að þessum markmiðum verði náð.
- 32) Á „c“-svæðum má koma á fót kerfum til að styðja við upphaflegar fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja og upphaflega fjárfestingu í nýrri starfsemi stórfyrirtækja.
- 33) Þegar aðstoð er veitt til stakra fjárfestingarverkefna á grundvelli aðstoðarkerfis, verður stofnunin sem veitir aðstoð að staðfesta að verkefnið, sem varð fyrir valinu, muni stuðla að markmiði kerfisins og þar með að stefnu viðkomandi svæðis í þróunarmálum. Í þessu skyni geta EFTA-ríki stuðst við upplýsingar sem umsækjandi um aðstoð veitir á umsóknareyðublaðinu sem er að finna í viðauka við þessar leiðbeinandi reglur þar sem lýsa verður jákvæðum áhrifum fjárfestingarinnar á viðkomandi svæði. ⁽²⁶⁾
- 34) Í því skyni að tryggja að fjárfestingin feli í sér raunverulegt og viðvarandi framlag til þróunar viðkomandi svæðis, verður að halda fjárfestingunni á viðkomandi svæði í að minnsta kosti fimm ár, eða þrjú ár ef um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða, eftir að henni lýkur. ⁽²⁷⁾
- 35) Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli launakostnaðar verður að ráða í stöðurnar áður en þrjú ár eru liðin frá því að framkvæmdum lýkur. Sérhvert starf, sem verður til í tengslum við fjárfestinguna, verður að haldast á viðkomandi svæði um að minnsta kosti fimm ára skeið frá því að fyrst var ráðið í stöðuna. Að því er varðar fjárfestingar af hálfu allra lítilla og meðalstórra fyrirtækja, er EFTA-ríkjunum heimilt að stytta þetta fimm ára tímabil, sem halda verður í fjárfestingar eða störf, þó eigi skemur en í þrjú ár.
- 36) Til þess að tryggja að fjárfesting sé raunhæf, verður EFTA-ríkið að sjá til þess að aðstoðarþegi leggi fram að minnsta kosti 25% af styrkhæfum kostnaði, af eigin fjármunum eða utanaðkomandi fjármögnun, án þess að nokkur opinber fjárhagsstuðningur komi til. ⁽²⁸⁾
- 37) EFTA-ríki verða einnig, til þess að koma í veg fyrir að ríkisaðstoðarráðstafanir valdi umhverfisskaða, að tryggja að farið sé að umhverfislöggjöf EES, einkum þó að ráðist verði í mat á umhverfisáhrifum þegar þess er krafist í lögum og tryggja að öll viðkomandi leyfi fái.

3.2.2. Aðstoð við tilkynnta, staka fjárfestingu

- 38) Í því skyni að sýna fram á framlag stakrar aðstoðar, sem hefur verið tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, til svæðisins, er EFTA-ríkjunum heimilt að nota margvíslega vísa, eins og þá sem nefndir

⁽²⁴⁾ Sjá t.d. mál C-156/98 *Þýskaland gegn framkvæmdastjórn* [2000] ECR I-6857, 78. mgr. og mál C-333/07 *Régie Networks gegn Rhone Alpes Bourgogne* [2008] ECR I-10807, 94.–116. mgr.

⁽²⁵⁾ Sjá mál C-225/91 *Matra gegn framkvæmdastjórn* [1993] ECR I-3203, 42. mgr.

⁽²⁶⁾ Sjá V. viðbæti þessara leiðbeinandi reglna.

⁽²⁷⁾ Kvöðin um að fjárfestingin haldist á viðkomandi svæði í 5 ár að lágmarki (3 ár þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða) ætti ekki að koma í veg fyrir að verksmiðju eða tækjabúnaði sem verða úrelt á þessu tímabili sé skipt út, að því gefnu að atvinnustarfsemin fari fram á viðkomandi svæði í tilskilinn lágmarkstíma. Aftur á móti má ekki veita byggðaaðstoð til að skipta út verksmiðju eða tækjabúnaði.

⁽²⁸⁾ Það á til að mynda ekki við þegar um ræðir niðurgreidd lán, hlutafjárlán eða hlutafjárframlög hins opinbera sem fullnægja ekki einkafjárfestareglunni, ríkisábyrgðir sem fela í sér aðstoð, eða styrki hins opinbera á grundvelli reglunnar um minniháttaraðstoð.

eru hér á eftir, en þeir geta verið bæði beinir (t.d. bein atvinnusköpun) og óbeinir (t.d. staðbundin nýsköpunarstarfsemi):

- a) Fjöldi beinna starfa sem verður til vegna fjárfestingarinnar er mikilvægur vísir um framlag til byggðapróunar. Einnig ber að taka mið af gæðum starfanna sem verða til og þeirri færni sem til þarf.
 - b) Enn fleiri ný störf kynnu að verða til hjá staðbundnum (undir)birgjum, sem yrði til þess að fjárfestingin nýttist umræddu byggðarlagi betur og tryggði jafnvel enn meiri smitáhrif. Því verður einnig að taka tillit til þess fjölda óbeinna starfa sem verður til.
 - c) Skuldbinding af hálfu aðstoðarþega til að standa fyrir viðtækri þjálfun til að bæta færni (almenna og sértæka) starfsmanna sinna verður talin stuðla að byggðapróun. Áhersla verður einnig lögð á að bjóða stöður starfsmanna eða námssamninga, einkum fyrir ungmenni, og fræðslu sem eykur þekkingu starfsmanna utan fyrirtækisins og ráðningarhæfi þeirra. Almenn eða sértæk þjálfun, sem fallist hefur verið á að veita aðstoð til, verður ekki talin til jákvæðra áhrifa byggðaaðstoðar til að forðast tvítalningu.
 - d) Ytri stærðarhagkvæmni eða annar ávinningur af sjónarhóli byggðapróunar getur komið upp vegna nálægðarinnar (klasaáhrif). Klasamyndun fyrirtækja í sömu atvinnugrein getur leitt til aukinnar sérhæfingar einstakra verksmiðja sem síðan leiðir til aukinnar skilvirkni. Mikilvægi þessa vísis við að komast að raun um framlagið til byggðapróunar veltur þó á hversu þróaður klasinn er.
 - e) Fjárfestingar fela í sér tækniþekkingu og geta verið uppspretta umtalsverðrar yfirfærslu tækniþekkingar (smitáhrif þekkingar). Fjárfestingar í atvinnugreinum sem krefjast mikils tækniþúnaðar eru líklegri til að fela í sér yfirfærslu tækniþekkingar til byggðarlagsins sem fær aðstoð. Hversu mikil og sértæk dreifing þekkingar á sér stað er einnig mikilvægt í þessu tilliti.
 - f) Einnig verður hugað að þætti verkefna í því að gera byggðarlagi kleift að skapa nýja tækni fyrir tilstilli staðbundinnar nýsköpunar. Í þessu tilliti má líta jákvætt á samvinnu milli nýrrar framleiðslustöðvar og staðbundinna æðri menntastofnana.
 - g) Lengd fjárfestingar og hugsanlegar framhaldsfjárfestingar í framtíðinni eru til marks um að fyrirtæki hafi stofnað til varanlegra tengsla við viðkomandi byggðarlag.
- 39) EFTA-ríki geta einnig vísað til viðskiptaáætlunar aðstoðarþega, sem gæti veitt upplýsingar um fjölda starfa sem verða til, laun sem verða greidd (aukning á fjármunum heimila sem smitáhrif), tölur um innkaup frá staðbundnum framleiðendum, veltu sem leiðir af fjárfestingunni og byggðarlagið gæti notið ávinnings af vegna aukinna skatttekna.
- 40) Að því er varðar sérstaka aðstoð⁽²⁹⁾, verður EFTA-ríkið að sýna fram á að verkefnið sé í samræmi við þróunarstefnu viðkomandi svæðis og stuðli að henni, auk þess sem kröfunum sem mælt er fyrir um í 33. til 37. mgr. sé fullnægt.
- 3.2.3. *Rekstraraðstoðarkerfi*
- 41) Rekstraraðstoðarkerfi munu því aðeins stuðla að þróun afskiptra svæða að sá vandi sem svæði þessi standa frammi fyrir sé skýrt skilgreindur fyrir fram. Hindranir í vegi þess að laða að eða halda í atvinnustarfsemi geta verið svo miklar eða viðvarandi að fjárfestingaraðstoð ein og sér dugi ekki til að gera þessum svæðum kleift að þróast.
- 42) Að því er varðar aðstoð til að draga úr sérstökum erfiðleikum sem lítil og meðalstór fyrirtæki á „a“-svæðum standa andspænis, verða viðkomandi EFTA-ríki að sýna fram á tilvist og mikilvægi þessara sérstöku erfiðleika og að rekstraraðstoðarkerfis sé þörf þar eð ekki sé unnt að vinna bug á þessum sérstöku erfiðleikum með fjárfestingaraðstoð.
- 43) Að því er varðar rekstraraðstoð til að koma í veg fyrir eða draga úr fólksfækkun í mjög strjálbýlum byggðarlögum, verður viðkomandi EFTA-ríki að sýna fram á hættu á fólksfækkun á viðkomandi svæði, komi ekki til rekstraraðstoðar.

(29) Um sérstaka aðstoð gilda sömu kröfur og um staka aðstoð sem veitt er á grundvelli aðstoðarkerfis, nema annað sé tekið fram.

3.3. *Nauðsyn á afskiptum ríkisvaldsins*

- 44) Til þess að meta hvort ríkisaðstoð sé nauðsynleg til að ná fram markmiði um sameiginlega hagsmuni, er nauðsynlegt að greina fyrst vandann sem leysa á. Ríkisaðstoð skal aðeins veita við aðstæður þar sem aðstoð getur leitt til verulegra bóta, sem markaðnum er um megn. Þetta á einkum við í sambandi við takmarkaða opinbera fjármuni.
- 45) Ríkisaðstoðarráðstafanir geta einmitt, við tiltekin skilyrði, ráðið bót á markaðsbrestum og stuðlað þannig að skilvirkri starfsemi markaða og aukinni samkeppnishæfni. Ef árangur markaða er skilvirkur en hann eigi að síður talinn ófullnægjandi með tilliti til sannsýni og samheldni, er heimilt að grípa til ríkisaðstoðar til að ná fram sanngjarnari og æskilegri árangri á markaði.
- 46) Að því er varðar aðstoð sem veitt er til þróunar á svæðum sem eru á byggðakortinu, í samræmi við reglurnar sem koma fram í undirkafla 5 í þessum leiðbeinandi reglum, telur Eftirlitsstofnun EFTA að markaðurinn nái ekki væntum samheldnimarkmiðum EES-samningsins án afskipta ríkisvaldsins. Því skal líta svo á að aðstoð sem veitt er á þeim svæðum samrýmist innra markaðnum skv. stafl. a) og c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3.4. *Er byggðaaðstoð viðeigandi?*

- 47) Tilkynnt aðstoðarráðstöfun verður að vera viðeigandi stjórnþæki til að ná fram viðkomandi stefnumiði. Aðstoðarráðstöfun telst ekki samrýmast innra markaðnum ef unnt er að ná fram sama jákvæða framlaginu til byggðapróunar með öðrum stjórnþækjum og annars konar aðstoðarráðstöfunum, sem raska samkeppni ekki jafn mikið.

3.4.1. *Hvort önnur stjórnþæki geti verið viðeigandi*

3.4.1.1. Kerfi fjárfestingaraðstoðar

- 48) Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð er ekki eina stjórnþækið sem EFTA-ríkin geta gripið til í því skyni að styðja við fjárfestingar og atvinnusköpun á illa settum svæðum. EFTA-ríki geta beitt öðrum ráðstöfunum, s.s. að þróa grunnvirki, auka gæði menntunar og þjálfunar eða gera úrbætur á almennu viðskiptaumhverfi.
- 49) EFTA-ríki verða að tilgreina hvers vegna byggðaaðstoð er viðeigandi stjórnþæki til að taka á sameiginlegu markmiði um sannsýni eða samheldni þegar innleitt er kerfi sem er ekki hluti af aðgerðaáætlun sem fær fjármagn úr sjóðum samheldnistefnu.
- 50) Eftirlitsstofnun EFTA mun einkum hafa hliðsjón af mati á áhrifum fyrirhugaðrar aðstoðarráðstöfunar sem EFTA-ríkið kann að leggja fram. Þá kann að vera tekið tillit til eftiráamats, sem lýst er í undirkafla 4, til að meta hvort fyrirhugað kerfi er viðeigandi.

3.4.1.2. Stök fjárfestingaraðstoð

- 51) Að því er varðar sérstaka aðstoð verður EFTA-ríkið að sýna fram á hvernig þróun viðkomandi byggðar er betur tryggð með slíkri aðstoð en með aðstoð samkvæmt kerfi eða með annars konar ráðstöfunum.

3.4.1.3. Rekstraraðstoðarkerfi

- 52) EFTA-ríkið verður að sýna fram á að aðstoð sé viðeigandi til að ná markmiði kerfisins að því er varðar þann vanda sem aðstoðinni er ætlað að taka á. EFTA-ríkið getur, í því skyni að sýna fram á að aðstoð sé viðeigandi, reiknað aðstoðarfjárhæðina út fyrir fram sem fasta fjárhæð sem tekur til vænts viðbótarkostnaðar á tilteknu tímabili, til að hvetja fyrirtæki til að halda kostnaði í skefjum og þróa viðskipti sín á hagkvæmari hátt þegar til lengri tíma er litið. ⁽³⁰⁾

3.4.2. *Hvort önnur aðstoðarkerfi geti verið viðeigandi*

- 53) Byggðaaðstoð er unnt að veita með ýmsum hætti. EFTA-ríkið skal engu að síður tryggja að aðstoðin sé veitt með þeim hætti sem líklegur er til að valda sem minnstri röskun á viðskiptum og

⁽³⁰⁾ Ríki aftur á móti mikil óvissa um framtíðarþróun kostnaðar og tekna og upplýsingar eru mjög ósamhverfar, getur opinbert yfirvald einnig óskað eftir því að samþykka bótalíkön sem byggjast ekki að öllu leyti á fyrirframútreikningum, heldur eru miklu fremur blanda af fyrirfram- og eftiráútreikningum (t.d. með því að nota endurgreiðsluákvæði eins og að heimila að deila óvæntum hagnaði).

samkeppni. Ef aðstoð er veitt með þeim hætti að hún leiði til fjárhagslegs ávinnings (t.d. í formi beinna styrkja, undanþága frá eða afsláttar af sköttum, almannatryggingagjöldum eða öðrum lögbundnum gjöldum, eða sölu lóða, varnings eða þjónustu á góðum kjörum, o.s.frv.), verður EFTA-ríkið að sýna fram á hvers vegna önnur form aðstoðar, sem eru ekki jafn samkeppnis-raskandi, svo sem endurgreiðsluskyld framlög eða tegundir aðstoðar sem byggja á skulda- og eiginfjárgerningum (t.d. lán á lágum vöxtum eða vaxtaafsláttur, ríkisábyrgðir, kaup á hlutafé eða annars konar framlag eigin fjár á hagstæðum kjörum) séu ekki viðeigandi.

- 54) Að því er varðar aðstoðarkerfi til að hrinda í framkvæmd markmiðum og forgangsmálum aðgerðaáætlana, er fjármögnunargerningurinn, sem valinn er í þessari áætlun, talinn vera viðeigandi stjórnæki.
- 55) Þá kann að vera tekið tillit til eftiráamats, sem lýst er í undirkafla 4, til að meta hvort fyrirhugað kerfi er viðeigandi aðstoðarform.

3.5. Hvatningaráhrif

- 56) Byggðaaðstoð getur því aðeins talist samrýmanleg innra markaðnum að hún hafi hvatningaráhrif. Hvatningaráhrif eru til staðar þegar aðstoð breytir háttsemi fyrirtækis á þann hátt að það ræðst í viðbótarstarfsemi sem stuðlar að byggðaðróun, nokkuð sem það hefði ekki gert án aðstoðar eða hefði aðeins ráðist í slíka starfsemi á takmarkaðan eða annan hátt eða á öðrum stað. Aðstoðina má ekki nota til að niðurgreiða kostnað vegna starfsemi sem hefði hvort eð er fallið á fyrirtækið eða bæta fyrir eðlilega viðskiptaáhættu sem fylgir atvinnustarfsemi.

- 57) Færa má sönnur á hvort hvatningaráhrif eru til staðar með tveimur hugsanlegum sviðsmyndum:
- a) aðstoðin er hvati til þess að tekin verði jákvæð ákvörðun um fjárfestingu þar eð orðið getur af fjárfestingu, sem að öðrum kosti væri ekki nægilega ábatasöm fyrir aðstoðarþegann, í viðkomandi byggðarlagi ⁽³¹⁾ (sviðsmynd 1, ákvörðun um fjárfestingu) eða
- b) aðstoðin er hvati til að staðsetja fyrirhugaða fjárfestingu í viðkomandi byggðarlagi fremur en annars staðar af því að aðstoðin bætir upp það óhagræði og kostnað sem tengist staðsetningu í viðkomandi byggðarlagi (sviðsmynd 2, ákvörðun um staðsetningu).

- 58) Ef aðstoð breytir ekki háttsemi aðstoðarþega með því að örva (viðbótar) fjárfestingar í viðkomandi byggðarlagi, má líta svo á að sama fjárfesting hefði átt sér stað í héraðinu án tilkomu aðstoðar. Aðstoð af því tagi skortir hvatningaráhrif til að ná fram byggðamarkmiðinu og ekki er unnt að telja hana samrýmanlega innra markaðnum.

- 59) Að því er varðar byggðaaðstoð sem er veitt úr samheldnisjóðum á „a“-svæðum til fjárfestinga sem eru nauðsynlegar til að uppfylla ákvæði í EES-rétti, getur aðstoð þó talist hafa hvatningaráhrif, ef ekki hefði verið nægilega ábatasamt fyrir aðstoðarþegann að fjárfesta í viðkomandi byggðarlagi, hefði aðstoðar ekki notið við, og þar með orðið til þess að starfsstöð í því byggðarlagi hefði verið lokað.

3.5.1. Kerfi fjárfestingaraðstoðar

- 60) Vinna við stakt fjárfestingarverkefni getur ekki hafist fyrr en umsóknareyðublað um aðstoð hefur verið sent.
- 61) Ef verkið hefst áður en umsóknareyðublað um aðstoð hefur verið sent, telst sérhver aðstoð við þá stöku fjárfestingu ekki samrýmanleg innra markaðnum.
- 62) EFTA-ríki verða að taka upp staðlað umsóknareyðublað um aðstoð, sem er að finna í viðbæti við þessar leiðbeinandi reglur. ⁽³²⁾ Á umsóknareyðublaðinu verða lítil og meðalstór fyrirtæki og stór fyrirtæki að skýra frá því í staðleysugreiningu hvað muni gerast ef aðstoðar nýtur ekki við og tilgreina hvor sviðsmyndanna í 57. mgr. eigi við.
- 63) Að auki verða stór fyrirtæki að leggja fram skjöl sem renna stoðum undir staðleysuskýringuna sem nefnd er í umsóknareyðublaðinu. Sú skylda hvílir ekki á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

⁽³¹⁾ Slíkar fjárfestingar geta skapað skilyrði sem greiða fyrir frekari fjárfestingum sem eru lífvænlegar án viðbótaraðstoðar.

⁽³²⁾ Sjá III. viðbæti.

- 64) Stofnunin sem veitir aðstoð verður að gera trúverðuga athugun á staðleysuskýringunni og staðfesta að byggðaaðstoð hafi þau hvatningaráhrif, sem krafa er gerð um og svara til annarrar hvorrar sviðsmyndarinnar sem lýst er í 57. mgr. Staðleysuskýring er trúverðug ef hún er raunveruleg og tengist ákvörðunartökupáttum sem eru ríkjandi á þeim tíma þegar aðstoðarþegi tók ákvörðun um fjárfestinguna.

3.5.2. Aðstoð við tilkynnta, staka fjárfestingu

- 65) Til viðbótar því að uppfylla kröfurnar í 60. til 64. mgr., verður EFTA-ríkið, að því er varðar tilkynnta, staka aðstoð⁽³³⁾, að færa viðhlítandi sönnur á að aðstoðin hafi í raun áhrif á val á fjárfestingu eða val á staðsetningu.⁽³⁴⁾ Það verður að tilgreina hvor sviðsmyndanna í 57. mgr. eigi við. Til þess að unnt sé að gera viðtækt mat verður EFTA-ríkið ekki aðeins að leggja fram upplýsingar um verkefnið sem nýtur aðstoðar, heldur einnig ítarlega lýsingu á staðleysusviðsmyndinni, þ.e. stöðunni þar sem aðstoðarþegi þiggur ekki aðstoð frá opinberu yfirvaldi innan EES.
- 66) Í sviðsmynd 1 gæti EFTA-ríkið fært sönnur á hvatningaráhrif aðstoðarinnar með því að leggja fram skjöl frá fyrirtækinu sem sýndu að fjárfestingin væri ekki nægilega ábatasöm án aðstoðar.
- 67) Í sviðsmynd 2 gæti EFTA-ríkið fært sönnur hvatningaráhrif aðstoðarinnar með því að leggja fram skjöl frá fyrirtækinu sem sýndu að samanburður hefði verið gerður á kostnaði og ávinningi af því að staðsetja fyrirtækið í viðkomandi byggðarlagi, annars vegar, og í öðru byggðarlagi, hins vegar. Eftirlitsstofnun EFTA sannreynir hvort slíkur samanburður byggist á raunhæfum grunni.
- 68) EFTA-ríkjunum er einkum bent á að styðjast við opinber skjöl stjórnar, áhættumat (þ.m.t. áhættumat sem tengist staðsetningu), fjárhagsskýrslur, innanhússviðskiptaáætlanir, sérfræðiálit og aðrar rannsóknir sem tengjast fjárfestingarverkefninu sem verið er að meta. Skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um áætlaða eftirspurn, útgjaldaspár, fjárhagsspár, skjöl sem afhent eru fjárfestingarnefnd og fjalla um ýmsa fjárfestingarkosti eða skjöl sem send eru fjármálamörkuðum geta orðið EFTA-ríkjunum að liði við að sýna fram á að hvatningaráhrif séu fyrir hendi.
- 69) Í þessu sambandi, einkum þó í sviðsmynd 1, er unnt að meta arðsemina með vísan til aðferðafræði sem er föst venja í viðkomandi atvinnugrein og getur falið í sér aðferðir til að meta hreint núvirði verkefnisins,⁽³⁵⁾ innri vexti⁽³⁶⁾ eða meðalarðsemi fjármagns. Arðsemi verkefnisins skal bera saman við eðlilega ávöxtun sem félagið gerir kröfu um í öðrum sambærilegum fjárfestingarverkefnum. Ef þessar ávöxtunartölur eru ekki fyrir hendi, skal bera arðsemi verkefnisins saman við fjármagnskostnað fyrirtækisins í heild eða við algenga ávöxtun í viðkomandi atvinnugrein.
- 70) Ef aðstoð breytir ekki háttsemi aðstoðarþega með því að örva (viðbótar) fjárfestingar í viðkomandi byggðarlagi, eru jákvæð áhrif á byggðarlagið ekki fyrir hendi. Aðstoð telst því ekki samrýmanleg innra markaðnum í tilvikum þar sem svo virðist sem ráðist yrði í sömu fjárfestingu í byggðarlaginu án þess að aðstoð væri veitt.

3.5.3. Rekstraraðstoðarkerfi

- 71) Að því er varðar rekstraraðstoðarkerfi, er litið svo á að hvatningaráhrif aðstoðar séu fyrir hendi ef líklegt er talið að án aðstoðar myndi atvinnustarfsemi í viðkomandi byggðarlagi eða héraði dragast verulega saman vegna þess vanda sem aðstoðinni er ætlað að taka á.
- 72) Eftirlitsstofnun EFTA mun því líta svo á að aðstoðin hvetji til viðbótaratvinnustarfsemi í viðkomandi byggðarlögum eða héruðum ef EFTA-ríkið hefur sýnt fram á að vandi sé fyrir hendi í viðkomandi byggðarlagi og að hann sé alvarlegur (sjá 42. til 43. mgr.).

⁽³³⁾ Sérstök aðstoð verður einnig að fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 60. til 64. mgr. í þessum leiðbeinandi reglum, auk krafanna í undirkafla 3.5.2.

⁽³⁴⁾ Staðleysusviðsmyndunum er lýst í 57. mgr.

⁽³⁵⁾ Innri vextir byggjast ekki á bókfærðum hagnaði á tilteknu ári, heldur taka þeir mið af framtíðar sjóðstreymi sem fjárfestirinn væntir að fá á öllum líftíma fjárfestingarinnar. Þeir eru skilgreindir sem afvöxtunarstuðull með hreint núvirði sjóðstreymis sem er jafnt og núll.

⁽³⁶⁾ Innri vextir byggjast ekki á bókfærðum hagnaði á tilteknu ári, heldur taka þeir mið af framtíðar sjóðstreymi sem fjárfestirinn væntir að fá á öllum líftíma fjárfestingarinnar. Þeir eru skilgreindir sem afvöxtunarstuðull með hreint núvirði sjóðstreymis sem er jafnt og núll.

3.6. *Aðstoðarfjárhæðin skal vera hæfileg (aðstoð haldið í lágmarki)*

- 73) Alla jafna verður að takmarka fjárhæð byggðaaðstoðar við nauðsynlegt lágmark til að hvetja til viðbótarfjárfestingar eða starfsemi á viðkomandi svæði.
- 74) Almenna reglan er sú að tilkynnt, stök aðstoð telst vera takmörkuð við lágmark ef aðstoðarfjárhæðin svarar til hreins aukakostnaðar við að ráðast í fjárfestingu í viðkomandi byggðarlagi, í samanburði við það sem myndi gerast ef aðstoðar nyti ekki við. EFTA-ríki yrðu á sama hátt að tryggja, þegar um er að ræða fjárfestingaraðstoð sem veitt er stórum fyrirtækjum samkvæmt tilkynntum aðstoðarkerfum, að aðstoðarfjárhæðin takmarkaðist við lágmark á grundvelli „hreins viðbótarkostnaðar“.
- 75) Í *sviðsmynd 1* (ákvarðanir um fjárfestingar) skal aðstoðarfjárhæðin því ekki vera um fram nauðsynlegt lágmark til þess að verkefnið verði nægilega áttáttasamt, t.d. að hækka innri vexti þess þannig að þeir verði hærri en eðlileg arðsemi sem viðkomandi fyrirtæki beitir gagnvart öðrum, sambærilegum fjárfestingarverkefnum, eða, ef við á, að hækka innri vexti þess þannig að þeir verði hærri en fjármagnskostnaður fyrirtækisins í heild eða hærri en sú arðsemi sem alla jafna er í viðkomandi atvinnugrein.
- 76) Í *sviðsmynd 2* (hvatarnir sem tengjast staðsetningu) skal aðstoðarfjárhæðin ekki vera hærri en mismunurinn á hreinu núvirði fjárfestingarinnar á marksvæðinu og hreinu núvirði á öðrum stað. Taka verður tillit alls viðkomandi kostnaðar og ávinnings, m.a. stjórnsýslukostnaðar, flutningskostnaðar, hjálfunarkostnaðar sem aðstoð vegna hjálfunar tekur ekki til, svo og launamunar. Sé hinn staðurinn aftur á móti innan EES, er ekki tekið tillit til styrkja sem þar eru veittir.
- 77) Til þess að tryggja fyrirsjáanleika og jafna aðstöðu fyrir alla, beitir Eftirlitsstofnun EFTA enn fremur hámarksaðstoðarhlutfalli⁽³⁷⁾ að því er varðar fjárfestingaraðstoð. Þetta hámarksaðstoðarhlutfall gegnir tvennum tilgangi.
- 78) Í fyrsta lagi, að því er varðar tilkynnt aðstoðarkerfi, þjónar þetta hámarksaðstoðarhlutfall sem örugg höfn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki: svo fremi sem aðstoðarhlutfallið sé undir leyfilegu hámarki, er litið svo á að viðmiðuninni um „aðstoð sem takmarkast við lágmark“ sé fullnægt.
- 79) Í öðru lagi, að því er varðar öll önnur tilvik, er hámarksaðstoðarhlutfall notað sem hámark í tengslum við hreinan viðbótarkostnað sem fram kemur í 75. og 76. mgr.
- 80) Hámarksaðstoðarhlutfallið er stillt af með tilliti til þriggja viðmiðana:
- a) félagsdagfræðilegrar stöðu viðkomandi byggðarlags, sem mælikvarða á að hve miklu leyti byggðarlagið þurfi á frekari þróun að halda og, hugsanlega, að hve miklu leyti það líði fyrir að eiga í erfiðleikum með að laða að og halda í atvinnustarfsemi,
 - b) stærð aðstoðarþega sem mælikvarða á sérstaka erfiðleika við að fjármagna eða hrinda verkefni í framkvæmd í byggðarlaginu, og
 - c) stærð fjárfestingarverkefnisins, sem visbendingu um vænt umfang röskunar á samkeppni og viðskiptum.
- 81) Hærra aðstoðarhlutfall (og hugsanlega meiri röskun á viðskiptum og samkeppni af þess völdum) er því heimilt eftir því sem markhéraðið er minna þróað og ef aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki.
- 82) Í ljósi þess að vænta megi meiri röskunar á samkeppni og viðskiptum, verður að lækka aðstoðarhlutfall fyrir stór fjárfestingarverkefni með því að beita aðferðinni sem skilgreind er í mgr. 20 c.

3.6.1. *Kerfi fjárfestingaraðstoðar*

- 83) Að því er varðar aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki er heimilt að nota aukið aðstoðarhlutfall sem lýst er í undirkafla 5.4. Lítil og meðalstór fyrirtæki mega þó ekki njóta ávinnings af auknu aðstoðarhlutfalli ef fjárfestingin tengist stóru fjárfestingarverkefni.

⁽³⁷⁾ Sjá undirkafla 5.4 um hámarksaðstoðarhlutfall.

- 84) EFTA-ríkið verður að tryggja, að því er varðar aðstoð við stór fyrirtæki, að aðstoðarfjárhæðin svari til hreins kostnaðar við að hrinda fjárfestingunni í framkvæmd á viðkomandi svæði, í samamburði við það sem myndi gerast ef aðstoðar nyti ekki við. Aðferðina, sem útskýrð er í 75. og 76. mgr., verður að nota með hámarksaðstoðarlutfall sem efri mörk.
- 85) Að því er varðar aðstoð við stór fjárfestingarverkefni, verður að tryggja að aðstoð sé ekki hærri en sem nemur lækkuðu aðstoðarlutfalli. Þegar aðstoðarþegi fær aðstoð vegna fjárfestingar, sem litið er á sem hluta af stöku fjárfestingarverkefni, verður að lækka aðstoðina að því er varðar styrkhæfan kostnað sem er hærri en 50 milljónir EUR. ⁽³⁸⁾
- 86) Stofnun sem veitir styrk verður að reikna út hámarksaðstoðarlutfallið og aðstoðarfjárhæðina þegar aðstoðin er veitt. Aðstoðarlutfallið verður að reikna út á grundvelli vergs styrkigildis, annaðhvort í tengslum við heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar við fjárfestinguna eða styrkhæfs launakostnaðar sem aðstoðarþegi gefur upp þegar hann sækir um aðstoð.
- 87) Sé fjárfestingaraðstoð sem reiknuð er út á grundvelli fjárfestingarkostnaðar sameinuð svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð sem reiknuð er út á grundvelli launakostnaðar, getur heildaraðstoðarfjárhæðin ekki verið hærri en hæsta aðstoðarfjárhæð sem leiðir af öðrum hvorum útreikningnum upp að leyfilegu hámarksaðstoðarlutfalli að því er varðar viðkomandi svæði.
- 88) Heimilt er að veita fjárfestingaraðstoð samtímis samkvæmt fleiri en einu aðstoðarkerfi eða á sama tíma og sérstaka aðstoð, að því tilskildu að heildaraðstoð frá öllum veitendum sé ekki hærri en hámarksaðstoðarlutfall fyrir hvert verkefni sem sú stofnun, sem fyrst veitir aðstoð, verður að reikna út fyrir fram.
- 89) Að því er varðar upphaflega fjárfestingu sem tengist verkefnum á sviði evrópskrar svæðasamvinnu sem fullnægja skilyrðunum í reglugerðinni um sérstök ákvæði um stuðning Byggaþróunarsjóðs Evrópu við markmið evrópskrar svæðasamvinnu, ⁽³⁹⁾ gildir aðstoðarlutfallið, sem gildir um svæðið þar sem ráðist er í upphaflega fjárfestingu, um alla aðstoðarþega sem taka þátt í verkefningu. Sé ráðist í upphaflegu fjárfestinguna á tveimur eða fleiri svæðum sem njóta aðstoðar, verður hámarksaðstoðarlutfall upphaflegu fjárfestingarinnar hið sama og gildir á því svæði sem nýtur aðstoðar þar sem stærstur hluti styrkhæfs kostnaðar fellur til. Upphaflegar fjárfestingar, sem stór fyrirtæki ráðast í á „c“-svæðum, geta því aðeins notið ávinnings af svæðisbundinni aðstoð í tengslum við verkefni á sviði evrópskrar svæðasamvinnu að þær séu upphaflegar fjárfestingar vegna nýrrar starfsemi eða nýrra framleiðsluvara.

3.6.1.1. Styrkhæfur kostnaður sem reiknaður er á grundvelli fjárfestingarkostnaðar

- 90) Eignirnar sem keyptar eru skulu vera nýjar, nema að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki eða ef um er að ræða kaup á starfsstöð. ⁽⁴⁰⁾
- 91) Einnig má líta svo á að allt að 50% af kostnaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna undirbúningsrannsókna eða ráðgjafar sem tengist fjárfestingunni teljist til styrkhæfs kostnaðar.
- 92) Að því er varðar aðstoð vegna grundvallarbreytingar á framleiðsluferli, verður styrkhæfur kostnaður að vera hærri en sem nemur afskriftum eignanna sem tengjast starfseminni sem á uppfæra á undangengnum þremur fjárhagsárum.
- 93) Að því er varðar aðstoð til að auka fjölbreytni í eldri starfsstöð, verður styrkhæfur kostnaður að vera að minnsta kosti 200% hærri en bókfært virði eignanna sem eru endurnotaðar, eins og það var skráð næsta fjárhagsár á undan upphafi verks.
- 94) Taka má tillit til kostnaðar sem tengist kaupleigu á efnislegum eignum með eftirtöldum skilyrðum:
- a) að því er varðar landareignir og byggingar, verður leigutíminn að standa í fimm ár hið minnsta eftir áætluð lok fjárfestingarverkefnisins þegar stór fyrirtæki er að ræða, en þrjú ár þegar um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða

⁽³⁸⁾ Lækkað aðstoðarlutfall er til komið vegna kerfisins sem skilgreint er í c-lið 20. mgr.

⁽³⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um sérstök ákvæði um stuðning Byggaþróunarsjóðs Evrópu við markmið evrópskrar svæðasamvinnu. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar COM (2011) 611 ERDF/ETC reglugerð.

⁽⁴⁰⁾ Skilgreindar í h- og i-lið 20. mgr.

- b) að því er varðar verksmiðjur eða vélar, verður leigusamningurinn að vera í formi fjármagnsleigu og í honum verður að finna skuldbindingu aðstoðarþegans um að kaupa eignina við lok gildistíma leigusamningsins.
- 95) Við kaup á starfsstöð skal aðeins taka tillit til kostnaðar við kaup eigna af þriðju aðilum, sem eru ótengdir kaupandanum. Viðskiptin verða að eiga sér stað á markaðskjörum. Ef aðstoð hefur þegar verið veitt vegna kaupa á eignum áður en kaupin áttu sér stað skal kostnaðurinn við þessar eignir dreginn frá styrkhæfum kostnaði sem tengist kaupum á starfsstöð. Fylgi aðstoðarhæf viðbótarfjárfesting kaupum á starfsstöð, skal bæta styrkhæfum kostnaði vegna viðbótarfjárfestingarinnar við kostnað vegna kaupa á eignum starfsstöðvarinnar.
- 96) Að því er varðar stór fyrirtæki, er kostnaður við óefnislegar eignir aðeins styrkhæfur að hluta, eða sem nemur 50% af öllum styrkhæfum fjárfestingarkostnaði við verkefnið. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki, er heimilt að taka tillit til alls kostnaðar sem tengist óefnislegum eignum.
- 97) Óefnislegar eignir sem eru tækar vegna útreiknings á fjárfestingarkostnaði verða að tengjast áfram viðkomandi svæði sem nýtur aðstoðar og ekki má flytja þær til annarra héraða. Í þessu skyni verða óefnislegu eignirnar að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
- a) notkun þeirra verður að einkorðast við starfsstöðina sem fær aðstoðina,
 - b) þær verða að vera afskrifanlegar,
 - c) þær verður að kaupa á markaðskjörum af utanaðkomandi aðilum sem eru ótengdir kaupandanum.
- 98) Óefnislegar eignir verða að vera hluti eigna fyrirtækisins sem þiggur aðstoð og þær verða að tengjast verkefninu sem aðstoð var veitt til í að minnsta kosti fimm ár (þrjú ár þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki).

3.6.1.2. Styrkhæfur kostnaður sem reiknaður er á grundvelli launakostnaðar

- 99) Byggðaaðstoð má einnig reikna með vísan til vænts launakostnaðar við sköpun nýrra starfa í kjölfar upphaflegrar fjárfestingar. Aðstoð getur aðeins bætt upp launakostnað í tvö ár vegna einstaklings sem var ráðinn til vinnu og aðstoðarhlutfallið getur ekki verið hærra en gildandi aðstoðarhlutfall á viðkomandi svæði.

3.6.2. Aðstoð við tilkynnta, staka fjárfestingu

- 100) Að því er varðar aðstæður í *sviðsmynd 1* (ákvörðun um fjárfestingu), mun Eftirlitsstofnun EFTA sannreyna hvort aðstoðarfjárhæðin sé hærra en nauðsynlegt lágmark til að verkefnið verði nægilega arðsamt, með því að nota aðferðina sem kemur fram í 75. mgr.
- 101) Að því er varðar aðstæður í *sviðsmynd 2* (ákvörðun um staðsetningu), mun Eftirlitsstofnun EFTA, þegar um hvata til staðsetningar er að ræða, bera hreint núvirði fjárfestingarinnar fyrir marksvæðið saman við hreint núvirði fjárfestingarinnar á öðrum stað, með því að nota aðferðina sem kemur fram í 76. mgr.
- 102) Við mat á því hvort aðstoð er hæfileg að umfangi má einnig nota útreikning sem beitt er við greiningu á hvatningaráhrifum. EFTA-ríkið verður að sýna fram á að hún sé hæfileg að umfangi á grundvelli skjala eins og þeirra sem um getur í 68. mgr.

- 103) Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en leyfilegt, leiðrétt aðstoðarhlutfall.

3.6.3. Rekstraraðstoðarkerfi

- 104) EFTA-ríkið verður að sýna fram á að umfang aðstoðarinnar sé í samræmi við þann vanda sem aðstoðinni er ætlað að taka á.
- 105) Einkum ber að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a) aðstoðin skal ákvarðast í tengslum við fyrirframskilgreindan styrkhæfan kostnað sem að öllu leyti er til kominn vegna þess vanda sem aðstoðinni er ætlað að taka á, eins og EFTA-rikið hefur sýnt fram á,
- b) aðstoðin verður að takmarkast við tiltekinn hluta þessa fyrirframskilgreinda styrkhæfa kostnaðar og hún má ekki vera hærri en sá kostnaður,
- c) aðstoðarfjárhæðin til hvers aðstoðarþega verður að vera í samræmi við þann vanda sem aðstoðarþeginn glímir í raun við.

3.7. *Komið í veg fyrir ótilhlýðileg, neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti*

- 106) Til þess að aðstoð samrýmist innra markaðnum, verða neikvæð áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar í formi samkeppnisröskunar og áhrifa á viðskipti milli EFTA-rikkanna að vera takmörkuð og jákvæð áhrif, í formi þess að ná fram markmiði um sameiginlega hagsmuni, verða að veða þau upp. Unnt er að tilgreina tilteknar aðstæður þar sem neikvæð áhrif eru greinilega meiri en öll jákvæð áhrif, sem þýðir að aðstoðin getur ekki talist samrýmanleg innra markaðnum.

3.7.1. *Almenn atriði*

- 107) Byggðaaðstoð getur einkum valdið tvenns konar röskun á samkeppni og viðskiptum. Þar er um að ræða röskun á vörumarkaði og áhrif af staðsetningu. Hvor tveggja röskunin getur leitt til óskilvirkni við ráðstöfun auðlinda (sem grefur undan efnahagslegum árangri innra markaðarins) og til dreifingarvanda (hvernig atvinnustarfsemi skiptist milli héraða).
- 108) Ríkisaðstoð getur t.d. haft þau skaðlegu áhrif að koma í veg fyrir að markaðsaðferðir leiði til skilvirkrar niðurstöðu með því að verðlauna skilvirkustu framleiðendurna og þrýsta á þá óskilvirkustu um að bæta ráð sitt, endurskipuleggja eða fara út af markaði. Umtalsverð aukning á framleiðslugetu af völdum ríkisaðstoðar á markaði sem starfar ekki sem skyldi gæti einkum raskað samkeppni óhófliga þar sem tilurð og viðhald umframgetu gæti leitt til minni framlegðar, og dregið úr fjárfestingum keppinauta eða jafnvel leitt til útgöngu keppinautanna af markaði. Þá gæti komið upp sú staða að keppinautar, sem ella gætu verið áfram á markaði, yrðu þvingaðir út af markaði. Einnig gæti þetta komið í veg fyrir að fyrirtæki fari inn á markað eða auki þar umsvif sín og minni hvatning yrði fyrir keppinauta til að stunda nýsköpun. Þetta leiðir til óhagkvæms markaðsskipulags sem einnig er skaðlegt neytendum til lengri tíma litið. Enn fremur getur aðgangur að aðstoð leitt til sjálfsánægju eða ótilhlýðilega áhættusækinna háttsemi af hálfu hugsanlegra aðstoðarþega. Langtímaáhrif á heildarstarfsemi greinarinnar eru líkleg til að vera neikvæð.
- 109) Aðstoð getur einnig haft röskunaráhrif með því að auka eða viðhalda umtalsverðum markaðsstyrk aðstoðarþegans. Jafnvel þótt aðstoð auki ekki umtalsverðan markaðsstyrk beint, getur hún gert það óbeint með því að letja núverandi keppinauta til að auka umsvif sín eða stuðla að útgöngu þeirra af markaði eða letja nýja keppinauta til að koma inn á markaðinn.
- 110) Byggðaaðstoð hefur einnig, eðli sínu samkvæmt og burtséð frá röskun á vörumarkaði, áhrif á staðsetningu atvinnustarfsemi. Ef eitt svæði laðar að sér fjárfestingu vegna aðstoðarinnar, glatar annað svæði því tækifæri. Þessi neikvæðu áhrif á þeim svæðum sem aðstoð hefur bitnað á geta komið fram í glataðri atvinnustarfsemi og fækkun starfa, m.a. starfa hjá undirverktökum. Þau geta einnig komið fram í glötuðum, jákvæðum úthrifum (t.d. klasaáhrifum, þekkingarsmiti, menntun og þjálfun, o.s.frv.).
- 111) Tenging við sérstök landsvæði er það sem greinir byggðaaðstoð frá öðrum tegundum almennrar ríkisaðstoðar. Séríkkenni byggðaaðstoðar eru þau að henni er ætlað að hafa áhrif á hvar fjárfestar velja fjárfestingarverkefnum sínum stað. Þegar byggðaaðstoð bætir upp kostnaðarauka vegna halla á samkeppnisstöðu byggðarlags og styður við viðbótarfjárfestingar á svæðum sem njóta aðstoðar án þess að laða hana frá öðrum svæðum sem njóta aðstoðar, stuðlar hún ekki einungis að þróun byggðarlagsins, heldur einnig að samheldni, öllu EES-svæðinu til hagsbóta þegar upp er staðið. Hugsanleg, neikvæð áhrif byggðaaðstoðar á staðsetningu eru þegar takmörkuð að einhverju leyti af byggðakortum sem skilgreina á tæmandi hátt þau svæði þar sem heimilt er að veita byggðaaðstoð, með hliðsjón af stefnumarkmiðum um sannsýni og samheldni og af leyfðu aðstoðarhlutfalli. Skilningur á því sem hefði gerst án aðstoðar er þó mikilvægur til að meta raunveruleg áhrif aðstoðar á samheldnimarkmiðið.

3.7.2. Greinileg neikvæð áhrif

- 112) Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir ýmsar aðstæður þar sem neikvæð áhrif aðstoðar eru greinilega meiri en öll jákvæð áhrif, þannig að aðstoðin getur ekki talist samrýmanleg innra markaðnum.
- 113) Eftirlitsstofnun EFTA ákveður hámarksaðstoðarhlutfall. Aðstoðarhlutfallið er grundvallarkrafa fyrir samrýmanleika sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir notkun ríkisaðstoðar í verkefnum þar sem hlutfallið milli aðstoðarfjárhæðar og styrkhæfs kostnaðar er talið mjög hátt og sérlega líklegt til að hafa rökunaráhrif. Almenn talað verða efri mörk aðstoðarhlutfalls hærrí eftir því sem jákvæðu áhrifin sem verkefnið, sem nýtur aðstoðar, hefur væntanlega í för með sér, og eftir því sem líkleg þörf fyrir aðstoð er meiri.
- 114) Að því er varðar *sviðsmynd 1* (ákvarðanir um fjárfestingu), verði afkastageta sem verkefnið skapar til á markaði þar sem kerfislegur samdráttur er mikill, lítur Eftirlitsstofnun EFTA á það sem neikvæð áhrif sem ólíklegt sé að jákvæð áhrif nái að bæta upp.
- 115) Í *sviðsmynd 2* (ákvarðanir um staðsetningu), þar sem, hefði aðstoð ekki komið til, ráðist hefði verið í fjárfestinguna í byggðarlagi þar sem svæðisbundið aðstoðarhlutfall er hærra eða hið sama og í markhéraðinu, verða til neikvæð áhrif sem ólíklegt má telja að jákvæð áhrif nái að bæta upp af því að það er andstætt sjálfri grunnforsendu byggðaaðstoðar.
- 116) Ef aðstoðarþegi leggur niður sömu eða sambærilega starfsemi í öðru byggðarlagi innan EES og flytur þá starfsemi til marksvæðisins og séu orsakatengsl milli aðstoðarinnar og flutningsins, kemur til neikvæðra áhrifa sem ólíklegt má telja að jákvæðir þættir nái að bæta upp.
- 117) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA leggur mat á tilkynntu ráðstafanirnar mun hún óska eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum til að veita og meta hvort ríkisaðstoð hefði í för með sér verulegan atvinnuþess á þeim stöðum innan EES þar sem starfsemi fer þegar fram.

3.7.3. Kerfi fjárfestingaraðstoðar

- 118) Aðstoðarkerfi vegna fjárfestinga mega ekki valda umtalsverðri röskun á samkeppni og viðskiptum. Jafnvel þótt röskun geti talist vera takmörkuð þegar um stakt tilvik er að ræða (að því tilskildu að öllum skilyrðum fyrir fjárfestingaraðstoð sé fullnægt), getur samansafn aðstoðarkerfa eigi að síður leitt til mikillar röskunar. Þessi röskun getur varðað framleiðslumarkaði með því að skapa aðstæður þar sem umframgeta er fyrir hendi, eða gert þær enn verri, eða skapa, auka eða viðhalda verulegum markaðsstyrk nokkurra viðtakenda þannig að það hafi áhrif á viðvarandi hvata. Aðstoð sem er veitt samkvæmt kerfum getur einnig leitt til verulegs samdráttar í atvinnustarfsemi á öðrum svæðum innan EES. Þegar aðstoðarkerfi leggur áherslu á tiltekna atvinnugreinar er hættan á slíkri röskun enn meiri.
- 119) EFTA-ríkið þarf því að sýna fram á að þessi neikvæðu áhrif takmarkist við lágmark, m.a. með tilliti til stærðar viðkomandi verkefnis, fjárhæða stakrar og uppsafnaðrar aðstoðar, væntra aðstoðarþega, ásamt séreinkenna atvinnugreinanna sem um ræðir. EFTA-ríkið getur lagt fram hvert það mat á áhrifum sem það hefur undir höndum, ásamt eftirámati sem hefur verið gert fyrir sambærileg eldri aðstoðarkerfi, til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að meta líkleg, neikvæð áhrif.
- 120) Þegar stofnun sem veitir stökum verkefnum aðstoð samkvæmt kerfi verður hún að sannprófa og staðfesta að aðstoðin valdi ekki þeim augljósu, neikvæðu áhrifum sem lýst er í 115. mgr. Þessi sannprófun getur byggst á upplýsingum frá aðstoðarþega þegar hann sækir um aðstoð og á yfirlýsingu á staðlaða umsóknareyðublaðinu um aðstoð þar sem tilgreina skal aðra staðsetningu ef aðstoð yrði ekki veitt.

3.7.4. Aðstoð við tilkynnta, staka fjárfestingu

- 121) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA leggur mat á neikvæð áhrif tilkynntrar aðstoðar, gerir hún greinarmun á staðleysusviðsmyndunum tveimur sem lýst er í 100. og 101. mgr. hér að framan.

3.7.4.1. Tilvik samkvæmt sviðsmynd 1 (ákvarðanir um fjárfestingu)

- 122) Í tilvikum samkvæmt sviðsmynd 1 leggur Eftirlitsstofnun EFTA sérstaka áherslu á neikvæð áhrif sem tengjast uppbyggingu umframframleiðslu í greinum sem einkennast af samdrætti, á að komið sé í veg fyrir útgöngu og á hugtakið um umtalsverðan markaðsstyrk. Þessum neikvæðu áhrifum er lýst í 123. til 132. mgr. hér á eftir og vega verður þau upp með jákvæðum áhrifum aðstoðarinnar. Komi hins vegar í ljós að aðstoðin hefði í för með sér þau augljósu, neikvæðu áhrif sem lýst er í 114. mgr. getur aðstoðin ekki talist samrýmanleg innra markaðnum þar eð ólíklegt er að bætt verði fyrir þau með jákvæðum þáttum.
- 123) Til þess að unnt sé að sanngreina og meta hugsanlega röskun á samkeppni og viðskiptum skulu EFTA-ríki leggja fram gögn sem gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að sanngreina viðkomandi vörumarkaði (það er að segja, vörur sem breyting á háttsemi aðstoðarþega hefur áhrif á) og að skilgreina keppendur og viðskiptavini/neytendur sem verða fyrir áhrifum.
- 124) Eftirlitsstofnun EFTA mun nota margvíslegar viðmiðanir til að meta hugsanlega röskun, svo sem uppbyggingu markaðar viðkomandi vöru, frammistöðu markaðarins (mínkandi eða vaxandi markaður), ferlið við val á aðstoðarþega, aðgangs- og útgönguhindranir, aðgreiningu á vörum.
- 125) Reiði fyrirtæki sig kerfisbundið á ríkisaðstoð, getur það bent til þess að fyrirtækið standist ekki samkeppni upp á eigin spýtur eða að það njóti ótilhlýðilegs ávinnings samanborið við keppinauta sína.
- 126) Eftirlitsstofnun EFTA greinir tvær helstu ástæður neikvæðra áhrifa á vörumarkaði:
- umtalsverða aukningu á framleiðslugetu, sem hefur í för með sér umframframleiðslugetu eða gerir hana verri, einkum á markaði þar sem samdráttur er, og
 - aðstoðarþegi hefur umtalsverðan markaðsstyrk.
- 127) Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið hvort aðstoð gæti orðið til þess að skapa eða viðhalda óhagkvæmu markaðsskipulagi, verður hún að hafa hliðsjón af viðbótarframleiðslugetu sem verður til vegna verkefnisins og því hvort markaðurinn starfi ekki sem skyldi.
- 128) Ef viðkomandi markaður fer stækkandi er að jafnaði ekki jafn mikil ástæða til að hafa áhyggjur af því að aðstoðin hafi neikvæð áhrif á virka hvata eða hindri útgöngu eða aðgang á ótilhlýðilegan hátt.
- 129) Frekari áhyggjur eru réttlætanager þegar samdráttur er á mörkuðum. Í þessu sambandi gerir Eftirlitsstofnun EFTA greinarmun á tilvikum þar sem kerfislægur samdráttur er á viðkomandi markaði (þ.e. vöxtur er neikvæður) til lengri tíma lítið og tilvikum þar sem samdráttur á viðkomandi markaði er hlutfallslegur (þ.e. hann sýnir jákvæðan vöxt en fer ekki yfir viðmiðunarvöxt).
- 130) Slök frammistaða markaðar verður að jafnaði metin með samanburði við verga landsframleiðslu EES-ríkjanna síðustu þrjú árin áður en verkefni hefst (viðmiðunarhlutfall). Einnig má meta hana á grundvelli væntanlegs vaxtar á næstu þremur til fimm árum. Fyrirsjáanlegur framtíðarvöxtur viðkomandi markaðar gæti t.d. verið vísbending þar um, ásamt væntu nýtingarhlutfalli aukinnar afkastagetu, svo og líkleg áhrif aukinnar afkastagetu á keppinauta vegna áhrifa hennar á verð og framlegð.
- 131) Í tilteknum tilvikum kann að vera að mat á vexti vörumarkaðarins innan EES sé ekki viðeigandi aðferð til að gera heildarmat á áhrifum aðstoðar, einkum ef landfræðilegi markaðurinn tekur til heimsins alls. Eftirlitsstofnun EFTA mun í slíkum tilvikum huga að áhrifum aðstoðar á viðkomandi markaðsskipulag, einkum hugsanlegum ruðningsáhrifum gagnvart framleiðendum innan EES.
- 132) Eftirlitsstofnun EFTA mun, við mat á því hvort umtalsverður markaðsstyrkur er fyrir hendi, taka tillit til stöðu aðstoðarþega á tilteknu tímabili áður en hann fær aðstoðina og væntrar markaðsstöðu eftir að fjárfestingu lýkur. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka tillit til markaðshlutdeildar aðstoðarþega, svo og markaðshlutdeildar keppinauta hans og annarra þátta sem máli skipta, m.a.

uppbyggingar markaðarins, með því að horfa á samþjöppun á markaði, hugsanlegar aðgangshindranir, ⁽⁴¹⁾ styrk kaupenda ⁽⁴²⁾ og stækkunar- eða útgönguhindranir.

3.7.4.2. Sviðsmynd 2 (ákvarðanir um staðsetningu)

- 133) Gefi staðleysugreining til kynna að án aðstoðar hefði verið ráðist í fjárfestinguna á öðrum stað (sviðsmynd 2) sem tilheyrir sama landfræðilega markaði viðkomandi vöru og ef aðstoðin er hæfileg að umfangi, yrði hugsanleg niðurstaða að því er varðar umframgetu eða umtalsverðan markaðsstyrk að jafnaði hin sama, óháð aðstoðinni. Í slíkum tilvikum er líklegt að jákvæð áhrif aðstoðar vegi upp takmörkuð, neikvæð áhrif á samkeppni. Ef hinn staðurinn er innan EES, hefur Eftirlitsstofnun EFTA aftur á móti sérstakar áhyggjur af neikvæðum áhrifum sem tengjast hinum staðnum og ef aðstoðin hefur þau augljósu, neikvæðu áhrif sem lýst er í 115. og 116. mgr., getur aðstoðin því ekki talist samrýmanleg innra markaðnum þar eð ólíklegt er að bætt verði fyrir þau með jákvæðum þáttum.

3.7.5. Rekstrarástoðarkerfi

- 134) Reynist aðstoðin vera nauðsynleg og hæfileg að umfangi til að ná fram því sameiginlega markmiði sem lýst er í undirkafla 3.2.3, er líklegt að bætt verði fyrir neikvæð áhrif aðstoðarinnar með jákvæðum áhrifum. Í sumum tilvikum getur aðstoð þó valdið breytingum á uppbyggingu markaðarins eða á séreinkennum geirans eða atvinnugreinarinnar sem gætu raskað samkeppni umtalsvert með aðgangs- eða útgönguhindrunum, staðgönguáhrifum eða orðið til þess að viðskipti flyttust milli svæða. Í þeim tilvikum er ólíklegt að bætt verði fyrir sanngreind, neikvæð áhrif með jákvæðum áhrifum.

3.8. Gagnsæi

- 135) EFTA-ríki verða að birta að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar um tilkynntar ríkisaðstoðarráðstafanir á miðlægu vefsetri eða á stöku vefsvæði, sem sækir upplýsingar frá nokkrum vefsetrum (t.d. svæðisbundnum vefsetrum): texta hins tilkynnta aðstoðarkerfis og ákvæði um framkvæmd þess, stofnun sem veitir aðstoð, einstaka aðstoðarþega, aðstoðarfjárhæð fyrir hvern aðstoðarþega og aðstoðarhlutfall. Kröfur þessar gilda um staka aðstoð sem veitt er samkvæmt tilkynntu kerfi, svo og um sérstaka aðstoð. Birta verður slíkar upplýsingar eftir að ákvörðun um úthlutun hefur verið tekin, þær verður að varðveita í að minnsta kosti tíu ár og almenningur verður að hafa óhindraðan aðgang að þeim. ⁽⁴³⁾

4. Mat

- 136) Til þess að tryggja enn frekar að röskun á samkeppni og viðskiptum sé takmörkuð getur Eftirlitsstofnun EFTA krafist þess að tiltekin aðstoðarkerfi séu háð tímatakmörkunum (að jafnaði 4 ár eða skemur) og heyri undir matið sem um getur í 27. mgr.
- 137) Mat verður lagt á kerfi þar sem hugsanleg röskun er sérstaklega mikil, það er að segja þau sem geta takmarkað samkeppni umtalsvert, ef framkvæmd þeirra er ekki endurskoðuð tímanlega.
- 138) Þegar markmiðin með matinu eru höfð í huga og til þess að leggja ekki óhóflega byrði á EFTA-ríki að því er varðar litlar aðstoðarfjárhæðir, má aðeins leggja þessa kvöð á aðstoðarkerfi með mikil fjárráð, sem brydda upp á nýjungum eða þegar umtalsverðar breytingar á markaði, tækni og regluverki eru fyrirséðar. Matið verður að vera í höndum sérfræðings sem er óháður stofnuninni sem veitir ríkisaðstoðina á grundvelli sameiginlegrar aðferðafræði ⁽⁴⁴⁾ og það skal gert opinbert. Senda verður matið til Eftirlitsstofnunar EFTA nægilega tímanlega til að unnt sé að meta hvort aðstoðarkerfið verði hugsanlega framlengt og, hvað sem öðru líður, þegar gildistími kerfisins rennur út. Nákvæmt gildissvið matsins, sem gera á, og aðferðafræðin verða skilgreind í ákvörðuninni um samþykkt aðstoðarkerfisins. Allar síðari tíma aðstoðarráðstafanir með sambærilegt markmið verða að hafa hliðsjón af niðurstöðu matsins.

⁽⁴¹⁾ Ef sterkir kaupendur eru á markaðnum dregur það úr líkum á að aðstoðarþegi geti hækkað verð til þessara sterku kaupenda.

⁽⁴²⁾ Meðal slíkra hindrana eru lagalegar aðgangshindranir (einkum þær sem varða hugverkaréttindi), stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif, hindranir við aðgangi að netum og grunnvirkjum. Ef aðstoðin varðar markað þar sem aðstoðarþeginn er fyrir, geta hugsanlegar aðgangshindranir orðið til þess að mögulegur markaðsstyrkur aðstoðarþegans verði meiri og þar með aukið hugsanleg neikvæð áhrif þess markaðsstyrks.

⁽⁴³⁾ Upplýsingar þessar skal uppfæra með reglulegu millibili (t.d. á sex mánaða fresti) og skal vera unnt að nálgast þær á aðgengilegu formi.

⁽⁴⁴⁾ Eftirlitsstofnun EFTA kann að koma fram með slíka sameiginlega aðferðafræði.

5. Byggðakort

139) Eftirlitsstofnun EFTA mælir í þessum undirkafla fyrir um viðmiðanir til að sanngreina þau svæði sem fullnægja skilyrðunum í stafl. a) og c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Svæðin sem fullnægja þessum skilyrðum og sem EFTA-ríki hyggst tilnefna sem „a“- eða „c“-svæði verður að tilgreina á byggðakorti, sem tilkynna verður til Eftirlitsstofnunar EFTA og hún verður að samþykka áður en unnt er að veita fyrirtækjum á tilgreindum svæðum byggðaaðstoð. Á kortunum verður einnig að tilgreina hámarksaðstoðarlutfall sem gildir á þessum svæðum.

5.1. Íbúahlutfall sem er aðstoðarhæft

140) Þar eð veiting svæðisbundinnar ríkisaðstoðar vikur frá almennu banni við ríkisaðstoð sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, telur Eftirlitsstofnun EFTA að heildaríbúahlutfall á svæðum sem njóta aðstoðar í EFTA-ríkjunum verði að vera lægra en íbúahlutfall á svæðum sem ekki eru tilgreind.

141) Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um landbundna byggðaaðstoð 2007–2013⁽⁴⁵⁾ var landsbundið íbúahlutfall ákveðið á grundvelli héraða með lítinn þéttleika byggðar skv. stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Hámarksíbúahlutfall fyrir Noreg var ákveðið 29,08% og 31,6% fyrir Ísland.

142) Taka ber tillit til sérstakra aðstæðna í EFTA-ríkjunum þegar íbúahlutfall, sem er aðstoðarhæft, er ákveðið:

a) þar eð VLF á mann er tiltölulega mikil í EFTA-ríkjunum getur ekkert svæði notið undanþágu samkvæmt stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins,⁽⁴⁶⁾

b) mörg byggðarlög í EFTA-ríkjunum eru strjálbýl.

Vegna þessara aðstæðna hyggst Eftirlitsstofnun EFTA ákveða íbúahlutfall fyrir hvert ríki á grundvelli strjálra byggða í samræmi við leiðbeinandi reglur um landbundna byggðaaðstoð 2007–2013.⁽⁴⁷⁾

Í Noregi eru átta hagskýrslusvæði á 3. stigi þar sem þéttleiki byggðar er lítill og þar búa 25,51% landsmanna. Íbúahlutfall fyrir Noreg að því er varðar tímabilið 2014–2020 er þar af leiðandi 25,51%.

Á Íslandi eru tvö hagskýrslusvæði á 3. stigi og er annað þeirra strjálbýlt með 36,5% landsmanna. Íbúahlutfall fyrir Ísland að því er varðar tímabilið 2014–2020 er þar af leiðandi 36,5%.

Í Liechtenstein eru engar strjálur byggðir og því er ekki heimilt að veita neinu byggðarlagi aðstoð á þeim grundvelli.

5.2. Undanþáguákvæði samkvæmt stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

143) Í stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er kveðið á um að „aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið“ geti talist samrýmanleg innra markaðnum. Samkvæmt dómi Evrópudómstólsins „sýnir notkun orðanna „óvenju“ og „mikið“ í stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins að undanþáguákvæðið varðar eingöngu svæði sem búa við afar bágborið efnahagsástand í samanburði við Sambandinu sem heild.“⁽⁴⁸⁾

144) Eftirlitsstofnun EFTA telur að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sé fullnægt ef verg landsframleiðsla svæðisins, sé það hagskýrslusvæði á 2. stigi, mæld í kaupmáttareiningunni PPS, er minni en 75% af meðaltali innan EES. Tölur um verga landsframleiðslu á mann⁽⁴⁹⁾ í hverju byggðarlagi og meðaltal EES-ríkjanna, sem notaðar

⁽⁴⁵⁾ Stjtið. ESB L 54, 28.2.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 11, 28.2.2008, bls. 1.

⁽⁴⁶⁾ Þetta ber að skilja þannig að ekkert svæði í EFTA-ríkjunum nær skilyrðunum um 75% af vergri landsframleiðslu á mann, eins og fram kemur í lið 144.

⁽⁴⁷⁾ Byggt á gögnum frá Eurostat fyrir árið 2010.

⁽⁴⁸⁾ Mál 248/84 Þýskaland gegn framkvæmdastjórn [1987] ECR 4036, 19. mgr., mál C-169/95 Spánn gegn framkvæmdastjórn [1997] ECR I-148, 15. mgr., og mál C-310/99 Ítalía gegn framkvæmdastjórn [2002] ECR I-2289, 77. mgr.

⁽⁴⁹⁾ Þegar vísað er til vergrar landsframleiðslu (VLF) á mann í þessum leiðbeinandi reglum er átt við VLF melda í kaupmáttareiningunni PPS (e. purchasing power standard).

eru við greininguna, eru ákveðnar með vísan til opinberra hagtalna. Hins vegar fullnægir ekkert hagskýrslusvæði á 2. stigi í EFTA-ríkjunum þessu skilyrði sem stendur. ⁽⁵⁰⁾ Af því leiðir að ekkert svæði í EFTA-ríkjunum getur notið undanþágu samkvæmt stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.3. Undanþáguákvæði samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

145) Í stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er kveðið á um að „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“ geti talist samrýmanleg innra markaðnum. Í dómi Evrópudómstólsins kemur fram að „heimilar undanþáguákvæði stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. [...] að styrkja uppbyggingu tiltekinna svæða án þeirra takmarkana sem leiðir af efnahagslegu skilyrðunum í stafl. a) í 3. mgr. 107. gr., enda hafi slík aðstoð „ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“. Það ákvæði gefur framkvæmdastjórninni vald til að heimila aðstoð í því skyni að efla hagþróun á þeim svæðum aðildarríkis ESB sem eru afskipt í samburði við landsmeðaltal“. ⁽⁵¹⁾ Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að hið sama eigi við þegar kemur að ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

146) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur í samsvarandi leiðbeinandi reglum sínum gert grein fyrir aðferðinni sem nota ber til að ákvarða íbúahlutfallið sem heimilt er að veita aðstoð í hverju aðildarríki. Aðferðin felur í sér eftirfarandi:

147) Í leiðbeinandi reglum framkvæmdastjórnarinnar er „c“-svæðum skipt í tvo flokka:

- a) svæði sem fullnægja tilteknum, fyrirframákveðnum skilyrðum og sem aðildarríki ESB getur því tilnefnt sem „c“-svæði án frekari rökstuðnings („fyrirframskilgreind „c“-svæði“),
- b) svæði sem aðildarríki ESB getur, að eigin geðþótta, tilgreint sem „c“-svæði að því tilskildu að aðildarríki ESB sýni fram á að slík svæði fullnægi tilteknum félagshagfræðilegum viðmiðunum („c“-svæði sem ekki eru „fyrirframskilgreind“).

148) Íbúahlutfalli á fyrirframskilgreindum „c“-svæðum, að því er fram kemur í leiðbeinandi reglum framkvæmdastjórnarinnar, er úthlutað samkvæmt sérstakri úthlutunaraðferð, sem mælt er fyrir um í undirkafla 5.3.1 í þeim leiðbeinandi reglum. Þessi aðferð felur í sér að fyrrum „a“-svæði á tímabilinu 2011–2013, ásamt strjálbýlum svæðum, eru talin til fyrirframskilgreindra „c“-svæða. Þar eð ekki voru nein „a“-svæði í EFTA-ríkjunum á þessu tímabili, falla aðeins strjálbýl svæði undir þennan flokk.

5.3.1. Fyrirframskilgreind „c“-svæði

149) Að því er varðar strjálbýl svæði, skal EFTA-ríki að jafnaði tilgreina hagskýrslusvæði á 2. stigi með færri en 8 íbúa á ferkílómetra eða hagskýrslusvæði á 3. stigi með færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra. EFTA-ríki getur þó tilgreint hluta af hagskýrslusvæðum á 3. stigi með færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra eða öðrum samfelldum svæðum sem liggja að hagskýrslusvæðum á 3. stigi, að því tilskildu að á tilgreindum svæðum séu færri en 12,5 íbúar á ferkílómetra og að tilgreining þeirra leiði ekki til þess að íbúahlutfallið á „c“-svæðinu, sem um getur í 142. mgr., hækki. Að því er varðar mjög strjálbýl svæði, getur EFTA-ríki tilgreint hluta af hagskýrslusvæðum á 2. stigi í Noregi og 3. stigi á Íslandi, með færri en 8 íbúa á ferkílómetra eða önnur minni, samfelld svæði sem liggja að þessum hagskýrslusvæðum, að því tilskildu að á tilgreindum svæðum séu færri en 8 íbúar á ferkílómetra og að tilgreining þeirra leiði ekki til þess að íbúahlutfallið á „c“-svæðinu, sem um getur í 142. mgr., hækki.

5.3.2. „c“-svæði sem eru ekki fyrirframskilgreind

150) Eftirlitsstofnun EFTA telur að viðmiðanirnar sem EFTA-ríkin nota við tilgreiningu „c“-svæða skuli endurspeglar margvíslegar aðstæður sem réttlætt geta byggðaaðstoð. Viðmiðanirnar skulu því taka mið af tilteknum félagshagfræðilegum, landfræðilegum eða skipulagslegum vandamálum sem líklegt er að séu til staðar á „c“-svæðum og veita nægilega öfluga fyrirvara til að tryggja að úthlutun byggðaaðstoðar hafi ekki svo neikvæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

⁽⁵⁰⁾ Verði breyting á þessu mun Eftirlitsstofnun EFTA gefa út nýjar leiðbeinandi reglur í því skyni að taka tillit til þess.

⁽⁵¹⁾ Mál 248/84 Þýskaland gegn framkvæmdastjórn [1987] ECR 4036, 19. mgr.

- 151) EFTA-ríkin geta, í samræmi við það, tilgreint „c“-svæði sem ekki eru fyrirframskilgreind sem „c“-svæði á grundvelli eftirtalinnna viðmiðana:
- Viðmiðun 1: samfelld svæði með að minnsta kosti 100 000 íbúa ⁽⁵²⁾ á hagskýrslusvæðum á 2. eða 3. stigi þar sem:
 - verg landsframleiðsla á mann er minni eða jöfn meðaltali í 27 aðildarríkjum ESB, eða
 - atvinnuleysi er meira en eða jafnt 115% af landsbundnu meðaltali ⁽⁵³⁾.
 - Viðmiðun 2: hagskýrslusvæði á 3. stigi með færri en 100 000 íbúa þar sem:
 - verg landsframleiðsla á mann er minni eða jöfn meðaltali í 27 aðildarríkjum ESB, eða
 - atvinnuleysi er meira en eða jafnt 115% af landsbundnu meðaltali.
 - Viðmiðun 3: eyjar eða samfelld svæði sem einkennast af sambærilegri, landfræðilegri einangrun (t.d. skagar eða fjalllendi) þar sem:
 - verg landsframleiðsla á mann er minni eða jöfn meðaltali í 27 aðildarríkjum ESB ⁽⁵⁴⁾, eða
 - atvinnuleysi er meira en eða jafnt 115% af landsbundnu meðaltali eða ⁽⁵⁵⁾,
 - íbúar eru færri en 5 000.
 - Viðmiðun 4: hagskýrslusvæði á 3. stigi, eða á 3. stigi að hluta, sem mynda samfelld svæði sem liggja að „a“-svæði eða eiga landamæri að landi sem er utan EES eða er ekki aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA).
 - Viðmiðun 5: samfelld svæði með að minnsta kosti 50 000 íbúa ⁽⁵⁶⁾ sem standa frammi fyrir grundvallarbreytingum á atvinnuháttum eða alvarlegri hnignun, að því tilskildu að slík svæði séu ekki á hagskýrslusvæðum á 3. stigi eða samfelld svæði sem fullnægja skilyrðum um tilnefningu sem fyrirframskilgreind svæði eða skilyrðum í viðmiðunum 1 til 4. ⁽⁵⁷⁾
- 152) Við skilgreiningu á viðmiðunum í 151. mgr. vísar hugtakið um samfelld svæði til staðbundinnar stjórnsýslueiningar 2 í heild sinni ⁽⁵⁸⁾ eða til hóps staðbundinna stjórnsýslusvæða 2. ⁽⁵⁹⁾ Hópur staðbundinna stjórnsýslueininga 2 telst mynda samfelld svæði ef hvert og eitt svæði í hópnum deilir stjórnsýslulegum mörkum með öðru svæði í hópnum. ⁽⁶⁰⁾
- 153) Mat á því hvort sérhvert EFTA-ríki fari að leyfilegu íbúahlutfalli grundvallast á nýjustu upplýsingum um heildaríbúafjölda á viðkomandi svæðum, eins og hann kemur fram í birtum gögnum frá hagstofu hvers lands.

5.4. Hámarksstöðarhlutfall sem gildir um byggðaaðstoð til fjárfestingar

- 154) Aðstoðarhlutfall á „c“-svæðum má ekki vera hærra en:

⁽⁵²⁾ Þessi efri mörk íbúafjölda verða lækkuð í 50 000 íbúa að því er varðar EFTA-ríkin sem hafa ekki fyrirframskilgreint íbúahlutfall á „c“-svæði með færri en 1 milljón íbúa eða í 10 000 íbúa að því er varðar EFTA-ríki með færri en 1 milljón íbúa.

⁽⁵³⁾ Útreikningar í tengslum við atvinnuleysi skulu byggjast á svæðisgögnum sem landsbundnar hagstofur birta og þar sem notast er við meðaltal þriggja undangeningna ára sem gögn eru til um (á þeim tíma þegar byggðakortid er tilkynnt). Nema annað sé tekið fram í leiðbeinandi reglum þessum, er atvinnuleysi með tilliti til landsbundins meðaltals reiknað á þessum grunni.

⁽⁵⁴⁾ EFTA-ríki getur, til þess að ákvarða hvort verg landsframleiðsla á mann á slíkum eyjum eða samfelldum svæðum er minni eða jöfn meðaltali 27 aðildarríkja ESB, vísað til gagna sem hagstofa þess lætur af hendi eða frá öðrum viðurkenndum aðilum.

⁽⁵⁵⁾ EFTA-ríki getur, til þess að ákvarða hvort atvinnuleysi á slíkum eyjum eða samfelldum svæðum er meira en eða jafnt 115% af landsbundnu meðaltali, vísað til gagna sem hagstofa þess lætur af hendi eða frá öðrum viðurkenndum aðilum.

⁽⁵⁶⁾ Þessi efri mörk íbúafjölda verða lækkuð í 25 000 íbúa að því er varðar EFTA-ríkin sem hafa ekki fyrirframskilgreint íbúahlutfall á „c“-svæði með minna en 1 milljón íbúa, eða í 10 000 íbúa að því er varðar EFTA-ríki með færri en 1 milljón íbúa, eða í 5 000 íbúa að því er varðar eyjar eða samfelld svæði sem einkennast af sambærilegri, landfræðilegri einangrun.

⁽⁵⁷⁾ EFTA-ríki verður að sýna fram á, við beitingu viðmiðunar 5, að gildandi skilyrðum sé fullnægt með því að bera viðkomandi svæði saman við stöðuna á öðrum svæðum í sama EFTA-ríki eða í öðrum EFTA-ríkjum á grundvelli félagsdagfræðilegra vísa sem varða hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, vinnurmarkaði, heimilisbókhald, menntun eða annarra sambærilegra vísa. Í þessu skyni getur EFTA-ríkið vísað til upplýsinga frá eigin hagstofu eða frá öðrum viðurkenndum aðilum.

⁽⁵⁸⁾ EFTA-ríkið getur vísað til svæða staðbundinnar stjórnsýslueininga 1 í stað svæða staðbundinnar stjórnsýslueininga 2, ef fyrrnefndu svæðin hafa færri íbúa en síðarnefndu svæðin, sem þau eru hluti af.

⁽⁵⁹⁾ EFTA-ríkið getur eigi að síður tilgreint hluta af svæði staðbundinnar stjórnsýslueiningar 2 (eða svæði staðbundinnar stjórnsýslueiningar 1), að því tilskildu að íbúar viðkomandi staðbundinnar stjórnsýslueiningar séu fleiri en nauðsynlegt lágmark til að svæðið teljist samfelld svæði samkvæmt viðmiðun 1 eða 5 (þ.m.t. lægri efri mörk íbúafjölda að því er varðar þessar viðmiðanir) og að íbúar hluta þessa svæðis staðbundinnar stjórnsýslueiningar séu að minnsta kosti 50% af lágmarksíbúafjölda sem þarf samkvæmt gildandi viðmiðun.

⁽⁶⁰⁾ Þegar um eyjar er að ræða eru markalínur stjórnsýslueininga m.a. markalínur á sjó við aðrar stjórnsýslueiningar viðkomandi EFTA-ríkis.

- a) 15% af vergu styrkígildi á strjálbýlum svæðum og á svæðum (hagskýrslusvæðum á 3. stigi eða hlutar slíkra héraða) sem deila landamærum með landi sem á hvorki aðild að EES né EFTA,
- b) 10% af vergu styrkígildi á „c“-svæðum sem ekki eru fyrirframskilgreind.

5.4.1. *Aukið aðstoðarhlutfall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki*

- 155) Hámarksaðstoðarhlutfall það sem mælt er fyrir um í 154. mgr. má auka um allt að 20 prósentustig að því er varðar lítil fyrirtæki og um allt að 10 prósentustig að því er varðar meðalstór fyrirtæki. ⁽⁶¹⁾

5.5. *Tilkynning og yfirlýsing um samrýmanleika*

- 156) Þegar leiðbeinandi reglur þessar hafa verið samþykktar skal sérhvert EFTA-ríki tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eitt byggðakort sem gildir frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020. Í hverri tilkynningu skulu vera upplýsingar sem tilgreindar eru á eyðublaðinu í III. viðbæti.
- 157) Eftirlitsstofnun EFTA mun skoða hvert tilkynnt byggðakort á grundvelli þessara leiðbeinandi reglna og mun samþykka ákvörðun þar sem fallist er á byggðakort viðkomandi EFTA-ríkis. Hvert byggðakort verður birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau og er óaðskiljanlegur hluti þessara leiðbeinandi reglna.

5.6. *Breytingar*

5.6.1. *Svigrúm vegna íbúahlutfalls*

- 158) EFTA-ríki getur ákveðið, að eigin frumkvæði, að gefa sér svigrúm vegna landsbundins íbúahlutfalls, en það er munurinn á hámarksíbúahlutfalli þess EFTA-ríkis, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur úthlutað ⁽⁶²⁾ og íbúahlutfalli sem notað er fyrir „c“-svæði sem eru tilgreind á byggðakorti þess.
- 159) Hafi EFTA-ríki ákveðið að gefa sér slíkt svigrúm, getur það hvenær sem er notað það svigrúm til að bæta nýjum „c“-svæðum við kort sitt þar til hámarksíbúahlutfalli er náð. Í þessu skyni getur EFTA-ríkið vísað til nýjustu félagshagfræðilegra upplýsinga frá hagstofu Evrópusambandsins eða landsbundinni hagstofu eða frá öðrum viðurkenndum aðilum. Telja skal íbúa viðkomandi „c“-svæða á grundvelli mannfjöldatalna sem notaðar voru við gerð upphaflega kortsins.
- 160) EFTA-ríkið verður að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA í hvert sinn sem það hyggst nýta sér svigrúm vegna íbúahlutfalls til að bæta við nýjum „c“-svæðum áður en slíkar breytingar eru gerðar.

5.6.2. *Endurskoðun á miðju tímabili*

- 161) Eftirlitsstofnun EFTA mun, ef nauðsyn krefur, framkvæma, ásamt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, endurskoðun á miðju tímabili í júní 2016 til þess að auðkenna hugsanleg svæði sem kunna að eiga rétt á byggðaaðstoð skv. stafl. a) í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og aðstoðarhlutfalli sem svarar vergri landsframleiðslu á mann.

6. *Gildissvið reglna um byggðaaðstoð*

- 162) Eftirlitsstofnun EFTA framlengir leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013 ⁽⁶³⁾ og viðmiðanir fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna ⁽⁶⁴⁾ til 30. júní 2014.
- 163) Byggðakort sem eru samþykkt á grundvelli leiðbeinandi reglna um landsbundna byggðaaðstoð 2007–2013 falla úr gildi 31. desember 2013. Sex mánaða aðlögunartímabil sem mælt er fyrir

⁽⁶¹⁾ Aukið aðstoðarhlutfall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki gildir ekki um aðstoð sem er veitt vegna stórra fjárfestingarverkefna.

⁽⁶²⁾ Sjá 142. lið.

⁽⁶³⁾ Stjtið. ESB L 54, 28.2.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 11, 28.2.2008, bls. 1. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽⁶⁴⁾ Stjtið. ESB L 206, 2.8.2012, bls. 13, og EES-viðbætur nr. 42, 2.8.2012, bls. 1. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

um í 3. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu (GBER) ⁽⁶⁵⁾ gildir því ekki um byggðaaðstoðarkerfi sem er hrundið í framkvæmd samkvæmt þeirri reglugerð. Til þess að geta veitt byggðaaðstoð eftir 31. desember 2013 á grundvelli núverandi aðstoðarkerfa sem njóta almennrar hópundanþágu, er EFTA-ríkjunum bent á að tilkynna tímanlega um framlengingu byggðakorta til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að samþykka framlengingu þessara korta fyrir 31. desember 2013. Alla jafna falla aðstoðarkerfi, sem voru samþykkt á grundvelli leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð fyrir árin 2007–2013, úr gildi í árslok 2013 eins og fram kemur í viðkomandi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Sérhverja framlengingu á slíkum kerfum verður tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA tímanlega.

- 164) Eftirlitsstofnun EFTA mun beita meginreglunum í leiðbeinandi reglum þessum til að meta hvort öll byggðaaðstoð, sem ætlunin er að veita eftir 30. júní 2014, samrýmist innra markaðnum. Byggðaaðstoð sem veitt er á ólögmatan hátt eða byggðaaðstoð sem ætlunin er að veita eftir 31. desember 2013 og fyrir 1. júlí 2014 verður metin í samræmi við leiðbeinandi reglur um landsbundna byggðaaðstoð 2007–2013.
- 165) Tilkynningar um byggðaaðstoðarkerfi eða aðstoðarráðstafanir sem ætlunin er að veita eftir 30. júní 2014 verða að vera í samræmi við byggðakortið og því er ekki unnt að líta svo á að þær séu fullnægjandi fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt ákvörðun þar sem fallist er á byggðakort fyrir viðkomandi EFTA-ríki í samræmi við fyrirkomulag sem lýst er í undirlið 5.5. Eftirlitsstofnun EFTA mun þar af leiðandi, að jafnaði, ekki fara yfir tilkynningar um byggðaaðstoðarkerfi sem ætlunin er að beita eftir 30. júní 2014 eða tilkynningar um staka aðstoð sem ætlað er að veita eftir þann dag áður en hún samþykkir ákvörðun þar sem fallist er á byggðakort fyrir viðkomandi EFTA-ríki.
- 166) Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að þessar leiðbeinandi reglur muni í framkvæmd leiða til umtalsverðra breytinga á reglum sem gilda um byggðaaðstoð í EES. Jafnframt virðist nauðsynlegt, í ljósi breyttra efnahags- og félagslegra aðstæðna í EES, að taka öll byggðaaðstoðarkerfi til endurskoðunar, meðal annars bæði kerfi fyrir aðstoð til fjárfestinga og rekstraraðstoð, með hliðsjón af því hvort þau séu enn réttlæt看leg og skili árangri.
- 167) Af þessum ástæðum leggur Eftirlitsstofnun EFTA til eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir við EFTA-ríkin í samræmi við 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól:
- a) EFTA-ríki verða að takmarka beitingu allra núgildandi byggðaaðstoðarkerfa sem falla ekki undir reglugerð um hópundanþágu og allra byggðakorta vegna aðstoðar sem ætlunin er að veita 30. júní 2014 eða fyrir,
 - b) EFTA-ríki verða að gera breytingar á öðrum núgildandi, almennum aðstoðarkerfum þar sem gert er ráð fyrir sérstakri meðferð á aðstoð í byggðarlögum sem njóta aðstoðar til þess að tryggja að aðstoð sem veita á eftir 30. júní 2014 fari að byggðakorti sem gildir daginn sem aðstoðin er veitt,
 - c) EFTA-ríki skulu staðfesta fyrir 31. desember 2013 að þau fallist á framangreindar tillögur.

7. Skýrslugjöf og vöktun

- 168) EFTA-ríki verða, í samræmi við 21. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sbr. 5. og 6. gr. ákvörðunar 195/04/COL, að senda ársskýrslur til Eftirlitsstofnunar EFTA.
- 169) EFTA-ríki skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um sérhverja staka aðstoð sem er hærri en 3 milljónir EUR og veitt er samkvæmt kerfi, á eyðublaði sem er að finna í IV. viðbæti, áður en 20 virkir dagar eru liðnir frá þeim degi sem aðstoðin var veitt.

⁽⁶⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6.8.2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu), Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3, sem var bætt við í lið j í XV. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur nr. 79, 18.12.2008, bls. 20), sem óðlaðist gildi 8. nóvember 2008.

- 170) EFTA-ríkjunum ber að taka saman ítarleg gögn um alla aðstoð. Gögnin verða að taka til allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að staðfesta að skilyrðum um styrkhæfan kostnað og leyfilegt aðstoðarhlutfall hafi verið fullnægt. Gögn þessi skulu varðveitt í 10 ár eftir að aðstoðin er veitt og afhent Eftirlitsstofnun EFTA þegar eftir því er leitað.

8. Endurskoðun

- 171) Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að breyta þessum leiðbeinandi reglum hvenær sem vera skal ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt af ástæðum sem varða samkeppnisreglur eða í því skyni að taka til greina aðrar EES-reglur og milliríkjaskuldbindingar.

I. viðbætur – Eyðublað fyrir upplýsingar um byggðakort

- 1) EFTA-ríki verða að veita, ef við á, upplýsingar fyrir hvern eftirtalinna flokka svæða sem til stendur að tilnefna:
 - strjálbýl svæði,
 - „c“-svæði sem ekki eru fyrirframskilgreind, tilgreind á grundvelli viðmiðunar 1,
 - „c“-svæði sem ekki eru fyrirframskilgreind, tilgreind á grundvelli viðmiðunar 2,
 - „c“-svæði sem ekki eru fyrirframskilgreind, tilgreind á grundvelli viðmiðunar 3,
 - „c“-svæði sem ekki eru fyrirframskilgreind, tilgreind á grundvelli viðmiðunar 4,
 - „c“-svæði sem ekki eru fyrirframskilgreind, tilgreind á grundvelli viðmiðunar 5.
- 2) Í hverjum flokki verður viðkomandi EFTA-ríki að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert svæði sem tillaga er gerð um:
 - auðkenningu á svæðinu (með því að nota kóða þess fyrir hagskýrslusvæði á 2. eða 3. stigi, kóða staðbundinnar stjórnsýslueiningar 2 eða staðbundinnar stjórnsýslueiningar 1 á þeim svæðum sem mynda samfellt svæði eða önnur opinber heiti viðkomandi stjórnsýslueininga),
 - fyrirhugað aðstoðarhlutfall á svæðinu fyrir tímabilið 2014–2020 (þar sem tilgreind er sérhver hækkun á aðstoðarhlutfalli, samkvæmt 155. mgr., ef við á),
 - heildaríbúafjöldi svæðisins, eins og fram kemur í 153. mgr.
- 3) EFTA-ríkin verða, að því er varðar strjálbýl svæði og svæði sem eru ekki fyrirframskilgreind en eru tilgreind á grundvelli viðmiðana 1–5, að leggja fram fullnægjandi sannanir fyrir því að sérhverju gildandi skilyrði, sem mælt er fyrir um í 149. og 151. til 153. mgr. sé fullnægt.

II. viðbætur – Skilgreining á stáliðnaðinum

Í þessum leiðbeinandi reglum er „stáliðnaður“ öll starfsemi sem tengist framleiðslu á einni eða fleiri eftirtalinna vara:

- a) hrájárn og járnblendi: hrájárn fyrir framleiðslu á stáli, steypa og annað hrájárn, spegiljárn og kolefnisríkt járnmanagan, að frátöldu öðru járnblendi,
- b) hrávörur og hálfunnar vörur úr járni eða venjulegu eða eðalstáli: fljótandi steypustál, ýmist í hleifum eða ekki, þ.m.t. hleifar til smíða á hálfunnum vörum: blokkir, hellur og plötur; þynnur og blikkrenningar, heitvalsað plötuefni í rúllum, að undanskilinni framleiðslu á fljótandi stáli til smíða í litlum og meðalstórum málmsteypum,
- c) heitfágaðar vörur úr járni, venjulegu stáli eða eðalstáli: teinar, brautarbitar, tengisþangir, undirstöðuplötur, þverbjálkar, efnismiklir prófilar 80 mm og þar yfir, þilstál, teinar og prófilar undir 80 mm og flatjárn sem er undir 150 mm, stálstangir, stálrör og stálprófilar, heitvölsuð bönd og ræmur (þ.m.t. húðað og óhúðað), heitvalsað þynnur (húðaðar eða ekki), 3 mm plötur og þynnur og þar yfir, breitt flatjárn 150 mm og þar yfir, að undanskildum vír og vörum unnum úr vír, glansstangir og steypujárn,
- d) kaldvalsaðar vörur: blikkplötur, blýblandaðar plötur, svart stál, galvanhúðaðar þynnur, aðrar húðaðar þynnur, kaldvalsaðar þynnur, spenn- og rafalablikk, kaldvalsaðar plötur, í vafningum eða sléttar,
- e) rör: heildregin stálrör, soðin stálrör meira en 406,4 mm að þvermáli.

Viðbætur IIa – Skilgreining á gervitrefjaiðnaðinum

Í þessum leiðbeinandi reglum er gervitrefjaiðnaður:

- a) þrýstímótun á almennri gerð þráðar og garns úr pólýester, akrýli eða pólýprópýleni, óháð notkun þess, eða
- b) fjölliðun (þ.m.t. fjölliðuþéttun) þegar hún er samþætt þrýstímótun með tilliti til þess vélbúnaðar sem er notaður eða
- c) hvers konar stoðvinnsla samhliða framleiðslubúnaði til þrýstímótunar á þræði á vegum væntanlegs aðstoðarþega eða annars fyrirtækis í sömu samstæðu, sem er yfirleitt, þegar um er að ræða þá tilteknu starfsemi, samþætt þess háttar framleiðsluáðstöðu með tilliti til vélbúnaðarins sem er notaður til framleiðslunnar.

III. viðbætur – Umsóknareyðublað fyrir byggðaaðstoð

1. Upplýsingar um aðstoðarþegann:
 - Heiti, skráð pósthöfuðstöðva, helsta atvinnugrein (NACE kóði)
 - Yfirlýsing um að fyrirtækið sé ekki illa stætt samkvæmt skilgreiningu í leiðbeinandi reglum um björgun og endurskipulagningu
 - Yfirlýsing þar sem tilgreind er þegar móttækin aðstoð (bæði lágmarksaðstoð og ríkisaðstoð) vegna annarra verkefna á síðustu þremur árum á sama hagskýrslusvæði á 3. stigi þar sem nýja fjárfestingin verður. Yfirlýsing þar sem tilgreind er fengin byggðaaðstoð og aðstoð sem mun fást fyrir sama verkefni frá öðrum yfirvöldum sem veita aðstoð
 - Yfirlýsing þar sem tilgreint er hvort fyrirtækið hafi hætt sams konar eða sambærilegri starfsemi á EES-svæðinu næstu tvö ár á undan dagsetningu þessa eyðublaðs
 - Yfirlýsing þar sem tilgreint er hvort fyrirtækið hyggist, á þeim tíma sem sótt er um aðstoð, hætta slíkri starfsemi innan tveggja ára eftir að fjárfestingarverkefninu sem fær aðstoð er lokið
2. Upplýsingar um verkefnið/starfseminna sem fær stuðning:
 - Stutt lýsing á verkefninu/starfseminni
 - Stutt lýsing á væntum, jákvæðum áhrifum á viðkomandi svæði (t.d.: fjöldi nýrra starfa eða starfa sem voru varin, starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og fjárfestinga, þjálfun, klasamyndun)
 - Viðeigandi lagagrundvöllur (innlendur, EES eða hvoru tveggja)
 - Fyrirhugaðar dagsetningar upphafs og loka verkefnis/starfsemi
 - Staðsetning verkefnisins
3. Upplýsingar um fjármögnun verkefnisins/starfseminnar:
 - Fjárfestingar og annar kostnaður því tengdur, kostnaðar- og ábatagreining að því er varðar tilkynntar aðstoðarráðstafanir
 - Heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar
 - Aðstoðarfjárhæð sem þarf til að hrinda verkefninu/starfseminni í framkvæmd
 - Aðstoðarhlutfall
4. Upplýsingar um þörfina á aðstoð og vænt áhrif hennar:
 - Stutt útskýring á þörfinni á aðstoð og áhrif hennar á ákvörðun um bæði fjárfestingu og staðsetningu. Tilgreina skal aðra fjárfestingu eða staðsetningu komi ekki til aðstoðar
 - Yfirlýsing um að ekki sé fyrir hendi óafturkræfur samningur milli aðstoðarþega og verktaka til að framkvæma verkefnið

IV. viðbætur – Eyðublað fyrir upplýsingar til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 169. mgr.

Tilvísunarnúmer aðstoðar		
EFTA-ríki		
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti	
	Veffang	
Heiti aðstoðarþega, VSK-númer og samsteypan sem hann heyrir til		
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	
	Stórfyrirtæki	
Svæði þar sem fjárfestingin/starfsemin er	Heiti svæðisins (hagskýrslusvæði ⁽¹⁾)	Staða með tilliti til byggðaaðstoðar ⁽²⁾
Atvinnugrein(ar) þar sem aðstoðarþegi er með starfsemi	NACE 2. endursk. og stutt lýsing	
Aðstoðarþáttur, tilgreindur sem heildarfjárhæð í gjaldmiðli landsins ⁽³⁾		
Aðstoðarform ⁽⁴⁾	Styrkur/vaxtaniðurgreiðsla	
	Lán/endurgreiðsluskyld framlög/endurgreiðsluskyldur styrkur	
	Ábyrgð (ef við á, með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁵⁾)	
	Skattaívilnun eða skattundanþága	
	Annað (vinsaml. tilgreinið nánar)	
Úthlutunardagur	dd/mm/áá	
Markmið aðstoðarinnar		
Lagagrundvöllur og, ef við á, kerfið sem aðstoðin heyrir undir		

⁽¹⁾ Svæðið er að jafnaði tilgreint á stigi 2.⁽²⁾ Ákvæði stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins (staða „A“), stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins (staða „C“), svæði sem njóta ekki aðstoðar, þ.e. svæði sem eiga ekki rétt á byggðaaðstoð (svæði „N“).⁽³⁾ Vergt styrkigildi eða fjárhæð opinberrar fjárfestingar þegar um áhættufjármagnskerfi er að ræða.⁽⁴⁾ Sé aðstoð veitt úr mörgum aðstoðarkerfum skal tilgreina aðstoð úr hverju kerfi fyrir sig.⁽⁵⁾ Vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um samþykkt aðferðafræðinnar við útreikning á vergu styrkigildi, ef við á.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7155 – SSAB/Rautaruukki)

2014/EES/33/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið SSAB AB (publ) („SSAB“) hyggst öðlast með opinberu tilboði um hlutabréfaskipti að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í finnska fyrirtækinu Rautaruukki Oyj („Rautaruukki“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SSAB: framleiðsla og dreifing á vörum úr flötu kolstáli, framleiðsla og sala á vörum fyrir byggingariðnaðinn
 - Rautaruukki: framleiðsla og dreifing á vörum úr flötu kolstáli og framleiðsla og sala á vörum fyrir byggingariðnaðinn
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 166, 3. júní 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7155 – SSAB/Rautaruukki, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7226 – Carlyle/Traxys)

2014/EES/33/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sjóðir í umsjón hlutdeildarféлага bandaríska fyrirtækisins Carlyle Group L.P („Carlyle“) öðlast með hlutafjárkaupum fyrir tilstilli félags, sem stofnað er sérstaklega vegna þessara kaupa, með óbeinum hætti að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Traxys S.à.R.L. („Traxys“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlyle: eignastýring utan hefðbundinna markaða um heim allan. Carlyle hefur umsjóu með sjóðum sem fjárfesta um heim allan á mismunandi fjárfestingarsviðum (í hlutum í óskráðum félögum, raunverulegum eignum, heildrænni markaðsstefnu og lausnum)
 - Traxys: viðskipti með hrávörur, með áherslu á kaup og sölu málma, efnis fyrir stálver og bræðslur og jarðefna fyrir framleiðslufyrirtæki („hráefni“) og veitir stoðþjónustu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 167, 4. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7226 – Carlyle/Traxys, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7231 – Vodafone/ONO)

2014/EES/33/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Vodafone Group Plc („Vodafone“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Grupo Corporativo ONO („ONO“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vodafone: þjónusta um heim allan á sviði farsíma, fastlínusíma, breiðbands og sjónvarps
 - ONO: þjónusta á sviði fastlínusíma, breiðbands og sjónvarps á Spáni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 166, 3. júní 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7231 – Vodafone/ONO, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2014/EES/33/05****(mál M.7241 – Advent International/Bain Capital Investors/Nets Holding)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Advent International Corporation („Advent International“) og Bain Capital Investors L.L.C („Bain Capital“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í danska fyrirtækinu Nets Holding A/S („Nets“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Advent International: fjárfestir í óskráðum félögum í ýmsum atvinnugreinum, m.a. upplýsingatækni, fjarskiptum, iðnaði, smásölu, heilsugæslu, lyfjum, interneti og fjölmiðlum um heim allan
 - Bain Capital: fjárfestir í óskráðum félögum í ýmsum atvinnugreinum, m.a. upplýsingatækni, fjarskiptum, iðnaði/framleiðslu, smásölu, neytendavörum, heilsugæslu og fjármálum um heim allan
 - Nets: þróun, rekstur og sala á kerfum og þjónustu við greiðslukort, greiðsluþjónusta og greiðslukerfi, þ.m.t. aðild kaupmanna, greiðsluvinnsla, beingreiðslukerfi, millifærsla fjármuna, greiðsluþjónun og rafrænar öryggislausnir í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Eistlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 173, 7. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7241 – Advent International/Bain Capital Investors/Nets Holding, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2014/EES/33/06****(mál M.7244 – China Huaxin Post and Telecommunication Economy Development Center/Alcatel-Lucent Enterprise Business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska ríkisfyrirtækið China Huaxin Post and Telecommunication Economy Development Center („China Huaxin“) öðlast með hlutfjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækjalausnadeild franska fyrirtækisins Alcatel-Lucent („ALE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - China Huaxin: fjárfestingar á sviði upplýsingatækni og fjarskipta
 - ALE: vélbúnaður og hugbúnaður fyrir fyrirtækjalausnir á sviði fjarskipta og neta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 167, 4. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7244 – China Huaxin Post and Telecommunication Economy Development Center/Alcatel-Lucent Enterprise Business, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7257 – Carlyle/PAI/CST)

2014/EES/33/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sjóðir í umsjón hlutdeildarféлага bandaríska fyrirtækisins Carlyle Group („Carlyle“), fyrir milligöngu lúxemborgska fyrirtækisins CEP IV Participations S.à.r.l., fyrirtækis sem stofnað var í sérstökum tilgangi og sjóðirnir eiga með óbeinum hætti, og franska fyrirtækið PAI partners S.A.S. („PAI“), fyrir milligöngu sjóða sinna sem fjárfesta í óskráðum félögum, öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í viðskiptaeyningu fyrirtækisins Customs Sensors and Technologies („CST“), deildar í franska fyrirtækinu Schneider Electric SA, með hlutafjárkaupum í fyrirtækjum sem mynda hluta af CST: hinu bandaríska Custom Sensors & Technologies, Inc. og því franska Crouzet Automatismes S.A.S.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlyle: eignastýring utan hefðbundinna markaða um heim allan
 - PAI: umsýsla með sjóðum sem fjárfesta í óskráðum félögum
 - CST: framleiðsla og dreifing á raf- og rafeindahlutum, einkum nemum, rofum, litlum jafnstraumsmótorum og tilteknum sjálfvirkni- og eftirlitsbúnaði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 166, 3. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7257 – Carlyle/PAI/CST, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7262 – Ageas/Ocidental Seguros/Médis)

2014/EES/33/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. maí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Ageas Insurance International N.V. („Ageas“), sem lýtur yferráðum alþjóðlegu fyrirtækjasamsteypunnar Ageas S.A., öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yferráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í portúgölsku fyrirtækjunum Companhia Portuguesa de Seguros S.A. („Ocidental Seguros“) og Companhia Portuguesa de Seguros de Saude S.A. („Médis“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ageas: líftryggingar og aðrar váttryggingar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir
 - Médis og Occidental Seguros: váttryggingar, aðrar en líftryggingar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 167, 4. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.7262 – Ageas/Ocidental Seguros/Médis, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/33/09**
(mál M.7093 – DLG/Lantmännen/HaGe Polska)

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 23. maí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7093. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/33/10**
(mál M.7162 – INEOS/SSG Solvents Business)

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 5. maí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7162. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/33/11**
(mál M.7178 – Suntory/Beam)

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 16. apríl 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7178. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/33/12**
(mál M.7204 – Rothesay Life/MetLife Assurance)

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 29. apríl 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7204. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/33/13**
(mál M.7210 – Groupe Soufflet/Groupe Neuhauser)

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 27. maí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7210. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/33/14**
(mál M.7223 – Danish Crown/Sokolów)

Frankvæmdastjórnin ákvað hinn 28. maí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7223. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/33/15

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Grikkland
Flugleið	Aþena – Kozani – Kastoria
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. september 2014
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Hellenic Civil Aviation Authority Directorate-General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division Section II P.O. Box 70360 16604 Glyfada – Athens GREECE Sími: +30 21 08916149 / 08916121 Bréfasími: +30 21 08947132 Vefsetur: www.hcaa.gr

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/33/16

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Grikkland
Flugleið	Aþena – Kozani – Kastoria
Samningstími	1. september 2014 – 31. ágúst 2018
Frestur til að skila tilboðum	61 degi eftir að auglýsingin birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (birtingardagur 29.5.2014)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Hellenic Civil Aviation Authority Directorate-General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division Section II P.O. Box 70360 16604 Glyfada – Athens GREECE Sími: +30 21 08916149 / 08916121 Bréfasími: +30 21 08947132 Vefsetur: www.hcaa.gr

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/33/17

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Grikkland
Flugleið	Þessalóníka – Limnos – Ikaria
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. september 2014
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Hellenic Civil Aviation Authority Directorate-General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division Section II P.O. Box 70360 16604 Glyfada – Athens GREECE Sími: +30 21 08916149 / 08916121 Bréfasími: +30 21 08947132 Vefsetur: www.hcaa.gr

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/33/18

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Grikkland
Flugleið	Þessalóníka – Limnos – Ikaria
Samningstími	1. september 2014 – 31. ágúst 2018
Frestur til að skila tilboðum	61 degi eftir að auglýsingin birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (birtingardagur 29.5.2014)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Hellenic Civil Aviation Authority Directorate-General for Air Transport Air Transport and International Affairs Division Section II P.O. Box 70360 16604 Glyfada – Athens GREECE Sími: +30 21 08916149 / 08916121 Bréfasími: +30 21 08947132 Vefsetur: www.hcaa.gr

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/33/19

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Spánn
Flugleið	Menorca
Samningstími	Tvö átta mánaða tímabil (október til maí) frá upphafi starfseminnar
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að auglýsing þessi birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (birtingardagur 29.5.2014)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Ministerio de Fomento Dirección General de Aviación Civil Subdirección General de Transporte Aéreo Paseo de la Castellana 67 28071 Madrid ESPAÑA</p> <p>Sími: +34 915978454 Bréfasími: +34 915978643 Netfang: osp.dgac@fomento.es</p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/33/20

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Finland
Flugleið	Helsinki – Savonlinna
Samningstími	1. október 2014 til 31. desember 2015
Frestur til að skila tilboðum	61 degi eftir að auglýsingin birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (Birtingardagur 3.6.2014)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Ministry of transport and communications Kirjaamo, PB 31 FI-00023 Valtioneuvosto, Helsinki SUOMI/FINLAND</p> <p>Sími: +358 295342001 Bréfasími: +358 916028619 Netfang: kirjaamo@lvm.fi Vefsetur: http://www.lvm.fi</p>

**Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem
teknar voru frá 1. apríl 2014 til 30. apríl 2014**

2014/EES/33/21

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í apríl 2014, sjá [C 165, 29.5.2014](#), bls. 1 og 9.